



# Þinggerð 56. ársþings

**9. og 10. febrúar 2002 – Hótel Loftleiðum, Reykjavík**

**Þinggerð 56. ársþings KSÍ,  
haldið á Hótel Loftleiðum, Reykjavík**

**9. og 10. febrúar 2002.**

**Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 9. febrúar kl. 10:00 og mælti svo:**

Ellert B. Schram, forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands,  
Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands,  
Reynir Karlsson, fulltrúi Menntamálaráðherra,  
Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin á 56. ársþing KSÍ haldið í Reykjavík.

Á liðnu ári, nánar tiltekið í maí 2001, lést Björgvin Schram, fyrrverandi formaður KSÍ. Björgvin var formaður KSÍ í 14 ár frá 1955-1968. Þá voru mikil baráttuár í íslenskri knattspyrnu og hjá KSÍ. Erfitt var að afla fjármagns til að halda úti starfseminni og allt byggðist á fórnfúsu starfi sjálfboðaliða. En Björgvin stýrði KSÍ farsællega á þessu erfiða tímabili og lagði þar grundvöllinn að sterkri stöðu KSÍ í íslenskri íþróttahreyfingu. Björgvin Schram var mikill heiðursmaður, gæfumenni og sannkallaður aristokrat af gamla skólanum. Þessum aldna heiðursmanni og mikla knattspyrnuleiðtoga eru hér þökkun hans miklu störf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi. Ég bið ykkur að heiðra minningu Björgvins Schram með því að rísa úr sætum.

Árið 2001 var sannarlega minnistætt, viðburðarríkt og merkilegt ár í íslenskri knattspyrnu. Það er því af nógu að taka þegar lítið er til baka og gera á upp starfsárið 2001. Það er jú hlutverk ársþings KSÍ að gera upp liðið starfsár og um leið að móta stefnuna fram á við. En ársþing er ekki bara umfjöllum um lög og reglur og starfsemina fyrr og nú og í framtíðinni. Hér hittist öll knattspyrnuforystan í landinu. Sumir endurnýja gömul kynni en aðrir hittast í fyrsta skipti. Hér skiptast menn á skoðunum ekki bara í starfi heldur líka í hinu daglega amstri þingsins eða þá í þinghléum. Þetta er hreyfingunni mjög mikilvægt því oft eiga sér stað miklar mannbreytingar á milli ára og því nauðsynlegt að menn hittist og kynnist. Knattspyrnusamband Íslands er stærsta og öflugasta félagsmálhreyfing landsins. Innan okkar vébanda eru hátt í tuttugapúsund virkir félagar, auk allra þeirra sem tengjast starfinu. Á okkur hvílir mikil ábyrgð og sífelld krafa að gera enn betur. Verk okkar eru ekki alltaf metin sem skyldi en við látum okkur fátt um finnast, ef við erum sannfærð um að við höfum unnið af hugsjón og heilindum. Við sækjumst ekki eftir lofi og þökkum, við sækjumst eftir árangri og þeirri fullnægingu sem felst í því að láta gott af sér leiða. Hlutverk okkar sem sitjum í stjórn KSÍ og stjórnnum félaganna er að skipuleggja hreyfinguna og veita henni forystu. Knattspyrnuhreyfingin verður að standa saman sem ein órofin heild. Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum. Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ sem kemur að verulegu leyti fram í framlagðri fjárhagsáætlun, ber hreyfingunni að standa saman, sem ein órofin heild. Á því byggist styrkur okkar. En bæði gagnrýni og hrós á störf og stefnu eiga að koma fram hér á ársþingum og hér á að fara fram stefnumótandi umræða um fjárhagsáætlun KSÍ. Ársþingin eru vettvangur þeirra umræðu. Ekki sífelld neikvæð umræða á milli þinga sem veikir stöðu knattspyrnuhreyfingarinnar út á við. Hér eiga menn að takast á um framlög til landsliða, unglingsstarfs, kvennknattspyrnu, fræðslustarfs og svo framvegis. Hér er ákvörðun tekin

um umfang og fjármagn í einstökum þáttum starfsins. Forystumenn í hreyfingunni verða að hafa félagslegan þroska og nægilega viðsýni til að sjá starfsemi heildarinnar. Á því hefur styrkur Knattspyrnusambands Íslands byggst hingað til.

Ágætu þingfulltrúar.

Tvö mál komu upp á liðnu hausti í fjölmiðlum þar sem ítrekað var reynt að koma höggi á knattspyrnuhreyfinguna. Annars vegar var um að ræða meinta drykkju landsliðsmanna eftir sigurleik við Tékkka og hins vegar ferð nokkurra samstarfsaðila KSÍ til Kaupmannahafnar í tengslum við landsleikinn við Dani. Hvað varðar meinta ölvun leikmanna íslenska landsliðsins í miðbæ Reykjavíkur eftir glæstan sigur á Tékkum vil ég segja eftirfarandi:

- 1) Auðvitað er ljóst að þarna áttu sér stað hlutir sem ekki eiga heima í kringum landsleiki og voru ekki til sóma.
- 2) En auðvitað voru fréttir af þessu máli blásnar út og miklu meira gert úr því en ástæða var til.
- 3) Hins vegar er ljóst að þetta atvik hefur verið rætt af réttum aðilum innan vébanda KSÍ og á því tekið hvað varðar þetta einstaka mál og framtíðina. Þetta er mál sem að sjálfsögðu er afgreitt innanhúss hjá KSÍ en ekki í fjölmiðlum.

Varðandi ferð nokkurra samstarfsaðila KSÍ til Kaupmannahafnar vil ég segja eftirfarandi:

- 1) KSÍ hefur haft mörg stórfyrirtæki sem samstarfsaðila á undanförunum rúmum áratug. Hér er að sjálfsögðu um hrein viðskipti að ræða og þessi fyrirtæki vilja sjá raunhæfan árangur af þessu samstarfi. Þess vegna hefur af hálfu KSÍ verið lögð mikil vinna og mikill metnaður í þetta samstarf.
- 2) Einn angi af þessu samstarfi er að taka viðkomandi aðila með þegar tækifæri gefst á landsleiki erlendis. Þetta er gert í tvíþættum tilgangi. Annars vegar að menn geri sér betur grein fyrir hvað mikið umfang er í kringum einn landsleik erlendis og hins vegar að sjá af eigin raun hvernig vel rekin knattspyrnusambönd, eins og í þessu tilfelli það danska, haga samstarfi við sponsora sína og hvernig þeir undirbúa og stjórna stórleik eins og þessum. Að síðustu er líka alveg ljóst að menn kynnast betur í slíkum ferðum sem gerir samstarfið auðveldara.
- 3) Eins og í öðrum liðum í rekstri KSÍ er passað upp á að halda kostnaði í lágmarki varðandi slíkar ferðir en um leið er leitast við á allan hátt að gera þær eftirminnilegar og skemmtilegar. Auðvitað er KSÍ stór viðskiptaaðili hjá Flugleiðum og nýtur þess í slíkum ferðum. Hótel er reynt að panta með löngum fyrirvara í gegnum stóra aðila t.d. okkar samstarfsfyrirtæki UFA, sem verslar við eina stærstu ferðaskrifstofu Þýskalands til að fá góð hótél á hagstæðu verði eins og allir vita að hægt er.
- 4) Forystumenn KSÍ telja að þessar ferðir skili árangri og séu í rauninni nauðsynlegur hluti af svona samstarfi. Nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa gert þetta í fjölda ára og taka stóran hóp með sér á alla landsleiki erlendis. Hjá okkur verður þetta alltaf lítið í sniðum í hlutfalli við okkar litla samband. Ekki má heldur gleyma því að viðkomandi fyrirtæki eru stærstu samstarfsaðilar við félögin okkar og eru dugleg að gera samninga beint við félögin.
- 5) Auðvitað var umfjöllun um þessa ferð mjög ósanngjörn sérstaklega í einum fjölmiðli og virtist ætluð til að koma höggi á KSÍ meira en sem frétt. En ég varð var við það úti í þjóðfélaginu að um leið og við komum okkar skýringum á framfæri þá skildi almenningur hvað hér lá að baki. Ég veit satt að segja ekki hvað stundum liggur að baki þessum neikvæða fréttáflutningi fjölmiðla af einstökum málum í knattspyrnuhreyfingunni. En vissulega hefur maður hugsað þau mál gaumgæfilega í ljósi þessara mála á síðasta ári og velt fyrir sér hvernig hægt er að haga samstarfi við fjölmiðla þannig að menn fjalli um slíka atburði á sanngjarnan og heiðarlegan hátt þar sem sannleikurinn fær að njóta sín en ekki getspár sem helga hina neikvæðu umfjöllun.

Ágætu þingfulltrúar.

Á síðasta ársþingi sagði ég í ræðu minni orðrétt: Eitt mesta áhyggjumál í íslenskri knattspyrnu í dag eru fjármál knattspyrnunnar, en mörg félög eru mjög skuldsett og eru nánast óstarfhæf af þessum sökum. Þessi orð eiga ekki síður við í dag en þá. Ekki er langt síðan að eitt af okkar aðildarfélögum var lýst gjaldþrota og óvíst hvernig því máli lyktar á þessari stundu. En ég tel tvímælalaust að batamerki hafi gert vart við sig í þessum málum á síðasta ári. Mörg félög hafa tekið til í sínum rekstri og hreinlega hreinsað út. Ég hef jafnframt á tilfinningunni að þau félög sem ekki framkvæmdu þetta á síðasta ári hafi nú sett sig í stellingar og munu gera það fyrir næstu leiktíð. Ég vil hér sérstaklega nefna tvö félög sem mjög var illa ástatt hjá sem tóku á sínum málum á mjög eftirtektarverðan og sannfærandi hátt, þ.e. Akranes og Fram og með glæsilegum árangri eins og í tilfelli Akraness. Ég bið ykkur ágætu þingfulltrúar að taka nú þegar alvarlegum tókum fjármál ykkar félaga ef það hefur ekki verið gert nú þegar. Ekki láta fjármálin liggja á reiðanum lengur. Takið á þeim núna til að gera starfið auðveldara í framtíðinni.

Mikill tími fór á síðasta starfsári í nýjan sjónvarpssamning. Það má segja að vinnan hafi byrjað þegar árið 2000 en samningurinn var laus um þessi áramót, þ.e. 2001/2002. Það hjálpaði í þessari samningahrinu að fleiri fyrirtæki voru að berjast á þessum markaði. Lengi leit út fyrir að við myndum semja við nýtt fyrirtæki í þetta sinn en á lokasprettinum kom okkar samstarfsfyrirtæki UFA með besta tilboðið, sem var reyndar mjög ánægjulegt því við höfum mjög góða reynslu af samstarfinu við þá, eins og reyndar mörg íslensk félög. Það var líka lán svona eftir á að hyggja að ljúka þessu strax í maí 2001 því það er deginum ljósara að markaðurinn hefur talsvert lækkað nú seinni hluta síðasta árs vegna versnandi efnahagsástands og minni auglýsinga á sjónvarpsmarkaðinum. En ég tel að við höfum gert mjög góða samninga til 4 ára þ.e. 2002 – 2005 sem tryggir fjárhagsgrundvöll KSÍ vel það er að segja tekjulega á þessu tímabili. Einnig varð veruleg hækkun á réttindum vegna Símadeildar karla og Coca-Cola bikars karla. Sá samningur inniheldur líka nú í fyrsta skipti samstarfsaðila um deild og bikar. Það er ljóst að hér er um verulega tekjuaukningu að ræða hjá félögum í Símadeild.

Knattspyrnuáhugamenn á Íslandi hafa tekið gleði sína á ný. Ég óska Norðurljósum, Stöð 2 og Sýn til hamingju með sýningaréttinn á HM í ár og HM 2006. Undanfarin ár hafa þeir skapað sér forystusess sem knattspyrnusjónvarpið og hafa sinnt okkar frábæru íþrótt mjög vel. Þeir vita af reynslu hversu miklu það skiptir fyrir fyrirtækið að bjóða viðskiptavinum sínum upp á það besta, og HM í knattspyrnu er vissulega besta sjónvarpsefni sem hægt er að bjóða uppá. Til hamingju með framtakið Norðurljós, gangi ykkur vel. En vissulega er það mikið áhyggjuefni hvert stefnir í rekstri Ríkisútvarpsins. Fyrir okkur knattspyrnumenn skiptir miklu máli að þar sé rekin metnaðarfull íþróttadagskrá sem ekki virðist vera gert í dag. Það verður að finnast samkeppni á íslenska sjónvarpsmarkaðinum um sýningarrétt á íslenskum fótbolta. Það sjá allir hvert stefnir ef það er ekki. Við lifum enn á tímum skylduáskriftar landsmanna á Ríkisútvarpinu og því hljóta að fylgja skyldur við Íslendinga, líka hvað varðar íþróttir. Ef ekki þá munu landsmenn ekki lengur láta bjóða sér upp á skylduáskrift.

FIFA, þ.e. Alþjóðaknattspyrnusambandið, hefur undanfarin fjögur ár verið með svokallað “goal project” í gangi. Forysta KSÍ hefur í nokkurn tíma horft á möguleika okkar að komast inn í þessa úthlutun. Ég átti fund með forseta og framkvæmdastjóra FIFA út af þessu máli og loks var ljóst seinni hlutann á síðasta ári að við gætum fengið \$ 400.000 styrk úr “goal projectinu” sem á gengi dagsins er ca. 41 milljón íslenskra króna. Það er skilyrði þessarar styrkveitingar að hún notist í byggingu aðalstöðva og fræðslu- og þekkingarseturs KSÍ. Ég held jafnframt að það sé alveg ljóst að hærri styrkir verða til ráðstöfunar í þetta sama verkefni á næstu árum. Stjórn KSÍ hefur velt upp nokkrum möguleikum í þessu máli en jafnframt gert alveg ljóst að við flýtum okkur hægt og munum ekki taka ákvörðun í þessu máli nema, í fyrsta lagi að um góðan kost fyrir íslenska knattspyrnu sé að ræða, í öðru lagi að ekki verði um fjárhagslegan bagga á rekstri KSÍ að ræða og í þriðja lagi ekki verði tekin ákvörðun fyrr en allir möguleikar hafa verið skoðaðir til fulls. En auðvitað er það markmið stjórnar

KSÍ að finna flöt á þessu máli þannig að þessir fjármunir komi inn í íslenska knattspyrnu - ekki veitir af.

A-landslið karla lauk þátttöku í undankeppni HM í október. Þegar á heildina er litið er ljóst að árangur liðsins var ásættanlegur en vissulega voru mikil vonbrigði tvö stór töp í síðustu leikjunum á mótum Norður-Írum og Dönnum. En staðreyndin sem blasir við er sú að samanlagður árangur í tveimur síðustu keppnum, þ.e. EM og HM, er það góður að íslenska liðið hækkar upp í 3. styrkleikaflokk úr þeim 4. og er nú í 26. sæti af 51 þjóð í Evrópu sem hlýtur að teljast góð staða. Atli Eðvaldsson var endurráðinn þjálfari A-liðs karla til 2 ára síðastliðið haust. Dregið var í riðla undankeppni Evrópumóts landsliða í Portúgal 25. janúar síðastliðinn. Það má með sanni segja að við höfum verið einstaklega heppin í þetta sinn. Þetta kemst nálægt því að vera draumariðill fyrir okkur frá öllum sjónarhornum. Frá peningalegu sjónarmiði er vissulega algjört happdrætti að mæta Þýskalandi. Frá aðsóknarlegu sjónarhorni held ég að það sé ljóst nú þegar að við verðum í algjörum vandræðum í heimaleikjunum á mótum bæði Þýskalandi og Skotlandi og mun færri munu fá miða en vilja. Þessi staðreynd mun setja enn meiri pressu á forystu KSÍ og borgaryfirvöld að finna lausn á að fullbyggja Laugardalsvöll þannig að þar verði pláss fyrir 12-15 þúsund áhorfendur í sæti. Frá árangurslegu sjónarhorni er ljóst að einhverjir möguleikar ættu að vera að ná öðru sætinu af Skotum. Skotland var í neðsta sæti í öðrum potti og árangur skoska liðsins hefur heldur legið niður á við á undanförunum árum. Við hljótum að halda áfram að setja okkur raunhæf markmið og setja stefnuna á að komast í 2. styrkleikaflokk. Það þýðir að við setjum markmiðið á að ná öðru sæti í riðlinum. Vissulega gæti það tekið lengri tíma en eina undankeppni að ná því markmiði að komast í annan styrkleikaflokk. En ef ekki eru sett raunhæf markmið næst aldrei framför, aldrei árangur. Lykillinn að velgengni í þeirri undankeppni sem framundan er, er að ná fullu húsi stiga á mótum þjóðunum fyrir neðan okkur það er Litháen og Færeyjum. Erfitt verkefni en raunhæft. Auðvitað er það ævintýri fyrir íslenska knattspyrnu að lenda á mótum Þýskalandi, sem vissulega hefur borið ægishjálmið yfir aðrar þjóðir í Evrópu hvað varðar árangur á HM og EM í gegnum tíðina. Það spillir heldur ekki fyrir að Berti Vogts er tekinn við skoska landsliðinu sem á eftir að vekja enn meiri eftirtekt á þessum riðli í Evrópu.

Nýr þjálfari var ráðinn fyrir U-21 árs landslið karla, Ólafur Þórðarson. Ólafur er margreyndur landsliðsmaður og hefur sýnt og sannað hæfileika sína sem þjálfari á undanförunum árum.

Árangur landsliða Íslands var þegar á heildina er litið mjög þokkalegur.

A-lið kvenna byrjaði mjög vel í sínum riðli, gerði jafntefli við Rússa og vann Ítalíu á heimavelli en tapaði síðan stórt fyrir Spánverjum úti.

U-19 ára lið karla var hársbreidd frá því að komast áfram í Evrópukeppninni og U-19 ára lið stúlkna stóð sig mjög vel í Evrópukeppninni.

KSÍ heldur nú úti fast 8 landsliðum, 4 karla og 4 kvenna og á síðasta ári spiluðum við auk þess 3 vináttuleiki með tveimur nýjum liðum þ.e. U-18 og U-16 karla (sem áður var U-15) þannig að í fyrsta skipti vorum við með 10 landslið í gangi. Stjórn KSÍ ákvað í lok ársins að fjölga landsliðsþjálfurum karla um einn og mun hann taka að sér að fylgjast með og þjálfar leikmenn 14 og 15 ára. Freyr Sverrisson var ráðinn í þetta starf og mun hann meðal annars stjórna árlegum knattspyrnuskóla og úrtökumótum KSÍ. Með þessu hyggst KSÍ byrja fyrir og með skipulagðari hætti að kortleggja unga og efnilega knattspyrnumenn þjóðarinnar.

Ágætu þingfulltrúar.

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breitt um landið í sumar. Ánægjuleg er sú staðreynd að knattspyrnan á Íslandi hefur aldrei verið jafn vinsæl og staðið sterkari í vitund íslensku þjóðarinnar en á síðasta keppnistímabili. Talsverð áhorfendaukning varð á leiki Símadeildarinnar 4. árið í röð. Þar er um að ræða samspil margra hluta eins og öflugri markaðssókn Símadeildarinnar af hálfu Landssíma Íslands, KSÍ og félaganna. Einnig aukinn fjöldi leikja í beinni útsendingu bæði úr Símadeild og Coca-Cola bikar. Aukinn áhugi allra fjölmiðla og meiri umfjöllum um knattspyrnu allt árið. Síðan má ekki gleyma þeirri miklu spennu sem var bæði á toppi og botni Símadeildar frá byrjun til enda. Könnun sem Landssími Íslands lét gera á áhorfun Símadeildarinnar var hreint ótrúleg. Þar kom í ljós að tæplega 50% landsmanna vissu að Landssíminn var styrktaraðili efstu deildar karla og yfir 54% landsmanna fylgdust reglulega með Símadeildinni. Glæsilegur árangur og sýnir að okkur hefur tekist vel að markaðssetja efstu deild karla sem er að sjálfsögðu langverðmætasta “sponsor dæmi” á Íslandi í dag.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu til verðlauna og sigra á þessu ári. ÍA Akranes sigraði í Símadeild karla og urðu Íslandsmeistarar eftir hreint ótrúlegt ár. Í byrjun ársins gekk félagið í gegnum mikið uppgjör á skuldum sem tókst með sameinuðu átaki allra sem þar áttu hlut að máli. Félagið skar síðan niður allan kostnað í rekstri og gerði þar stóráttak. Ég tel að ÍA hafi með starfi sínu og einstökum árangri sýnt öðrum mikið fordæmi sem tekið er eftir. ÍBV varð í öðru sæti og tryggði sér UEFA sæti. Breiðablik sigraði með yfirburðum eitt árið enn í Íslandsmóti Símadeildar kvenna. Fylkir sigraði KA í úrslitum Coca-Cola bikars karla og fer í UEFA keppnina og Valur sigraði Breiðablik í úrslitum Coca-Cola bikars kvenna. KR varð deildarbikarmeistari karla og Breiðablik kvenna. Þór vann 1. deild karla og KA fylgdi þeim upp í Símadeild. Mjög ánægjulegt að fá aftur 2 lið frá Akureyri í Símadeildina. Haukar og Sindri færast upp í 1. deild karla og HK og Völsungur upp í 2. deild. Þróttur Reykjavík vann 1. deild kvenna og færast upp í Símadeild kvenna.

Mótamálin eru hornsteinn í starfi KSÍ á hverjum tíma. Umfang móta- og dómaramála eykst á hverju keppnistímabili og álagið á starfsfólk skrifstofunnar sem annast þessi mál er mikið. Formaður móta- og dómara nefndar, Halldór B. Jónsson og okkar góða starfsfólk á mikið hrós skilið fyrir mikla vinnu og áhuga á þessum málum.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir !

Rekstur KSÍ er viðamikill eins og þið ágætu þingfulltrúar sjáið á reikningum sambandsins. Afkoman á síðasta ári var góð og árið að mörgu leyti hagstætt starfsemi KSÍ. Fjárhagsstaðan er mjög sterk með eigið fé upp á tæpar 93 milljónir. Hagnaður af reglulegri starfsemi KSÍ er rúmar 38 milljónir en reiknað tap af rekstri Laugardalsvallar er 18 milljónir, þannig að heildar hagnaður samstæðunnar er rúmar 20 milljónir, en í raun rétt tæpar 30 milljónir ef tekið er tillit til sérstakrar greiðslu til félaga upp á ca. 10 milljónir í lok síðasta árs sem ég geri betur grein fyrir hér á eftir. Erlenda lánið á Laugardalsvelli er í japönskum jenum sem var eflaust langbesti kosturinn á þessu erfiða ári í gengis- og vaxtamálum. Hvað varðar afkomu Laugardalsvallar skiptir miklu máli að gera sér grein fyrir þeirri háu afskriftartölu sem þar er reiknuð til fimmtán ára og er í raun reiknuð leiga KSÍ á vellinum en sú tala er rúmar 18 milljónir. Rétt er að skýra hér frá ákvörðun stjórnar KSÍ frá 17. janúar síðastliðnum, að greiða ca. 10 milljónir til aðildarfélaga KSÍ sem færð yrði á síðasta reikningsár, þ.e. 2001. Greitt er framlag til 56 aðildarfélaga KSÍ sem sendu lið til keppni í mótum á vegum KSÍ í yngri aldursflokkum utanhúss 2001. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokkum karla og kvenna fá 200 þúsund krónur hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkum karla 125 þúsund krónur hvert. Samkvæmt þessu fá 38 félög 200 þúsund krónur og 18 félög 125 þúsund krónur, eða alls 9.850.000,-

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og fjárhagsstaða sambandsins hefur styrkst. Það að skila hagnaði í rekstri KSÍ er langt í frá sjálfgefið. Það hefst eingöngu af því að mikil vinna er lögð í :

- 1) að ná sem mestum tekjum og
- 2) að hafa á öllum tímamörkum yfirsýn yfir reksturinn og hafa mikið aðhald og sparsemi í rekstri að leiðarljósi.

Það er enginn sá rekstur til sem sýnir árangur til lengdar ef ekki er um mikið aðhald og sparsemi að ræða. En eins og þið vitið vel góðir félagar þá er KSÍ samband félaganna, félögin eru KSÍ svo einfalt er það mál. Því er það ljóst að góður rekstur KSÍ skilar sér til félaganna eins og vera ber. Knattspyrnusamband Íslands hefur frá árinu 1992 skilað aðildarfélögum sínum 160 milljónum króna með framlögum og niðurfellingu gjalda. Árið 1992 var 5% gjald til KSÍ af seldum aðgöngumiðum að leikjum í efstu deild og bikar fellt niður. Þetta þýðir í raun að á 10 árum hefur KSÍ létt á félögunum vegna þessa að minnsta kosti 45 milljónum króna. Sama ár (1992) voru þáttökugjöld í yngri aldursflokkum felld niður en í stað þess tekin upp skráningargjöld sem voru mun lægri. Þetta hefur lækkað útgjöld félaga um 30 milljónir til dagsins í dag. Árið 1994 tók KSÍ yfir allan beinan launakostnað dómara vegna leikja í Íslandsmóti og bikarkeppni í meistaraflokki. Þetta eru um 50 milljónir króna á 5 árum. Árið 2001 felldi KSÍ niður að fullu þáttöku- og skráningargjöld í mót á vegum KSÍ. Þessi ákvörðun létti alls um 7,5 milljónum króna af aðildarfélögunum. Þá hefur stjórn KSÍ ákveðið að engin þáttöku- eða skráningargjöld verði greidd 2002 eða um 8,5 milljónir króna. Sá nýi sjónvarpssamningur sem gerður hefur verið til næstu 4 ára og leggur grunninn að tekjum KSÍ næstu árin, gefur vissulega tilefni til bjartsýni um að með miklu aðhaldi og ráðdeild í rekstri sambandsins muni vera hægt að reka sambandið fyrir ofan núllið nema að einhverjir óvæntir atburðir komi til eins og t.d. mikið hrun á gjaldeyrismarkaði. En ég vil hér nota tækifærið og minna ykkur öll á að gjaldþrot Leifturs er mjög alvarleg aðvörðun til okkar allra í rekstrinum. Það er alvarlegt högg á knattspyrnuhreyfinguna þegar svona gerist og ærið tilefni fyrir félög að líta í eigin barm og skoða málin krítískt. Eitt er ljóst að gjaldþrot knattspyrnunnar á Ísafirði fyrir nokkuð mörgum árum síðan hefur orðið þess valdandi að knattspyrnan á Ísafirði hefur aldrei borið sitt barr frá þeim tíma.

Ágætu félagar, góðir gestir !

Hér á þinginu liggja fyrir tvær viðamiklar tillögur um málefni sem eiga eftir að skipta hreyfinguna miklu máli í náinni framtíð þ.e. þáttökuleyfi (license) í efstu deild og nýja reglugerð KSÍ um samninga og stöðu leikmanna og félaga. Í báðum þessum málum er að hefjast ferli sem á eftir að taka nokkurn tíma að koma í endanlegt horf og framkvæmd. En það er mikilvægt að þingfulltrúar kynni sér þessi mál vel frá upphafi því hér er um afar þýðingarmikil mál að ræða sem eiga eftir að taka mikinn tíma á næstu árum og hafa mikil áhrif á alla hreyfinguna. Það eru mikil átök í Evrópu um þessi mál, þannig að ýmislegt getur enn breyst. Ég vil sérstaklega þakka hér Lúðvík Georgssyni stjórnarmanni KSÍ hans miklu vinnu í sambandi við samninga- og félagaskiptareglur KSÍ. Lúðvík er sannarlega guðfaðir þessara mála í knattspyrnuhreyfingunni og nú hefur hann líka tekið license málið upp á sína arma og leiðir það mál ásamt framkvæmdastjóra KSÍ. Hér liggur frammi tillaga um að ársþing KSÍ verði framvegis haldið á einum degi. Með skipulagsbreytingum og auknu hlutverki stjórnar og nefnda KSÍ hafa undanfarin ársþing KSÍ staðið í skemmri tíma. Eins dags þing er í takt við nýja tíma, eðlileg hagræðing og í fullu samræmi við fyrirkomulag knattspyrnusambanda í nágrannalöndum okkar. Stefnt er að því að halda formannafund árlega þá væntanlega í september í tengslum við bikarúrslitaleik karla. Á þann hátt verður hægt að auka enn samskiptin í hreyfingunni.

Tími knattspyrnuhúsa er vissulega runninn upp eftir margra ára baráttu. Eitt er komið í gagnið og þrjú í byggingu, tvö tilbúin í ár og eitt á næsta ári. Hér verður í raun um gjörbyltingu að ræða í knattspyrnunni og til lengri tíma meira framfaraspör en við gerum okkur grein fyrir. Engu að síður er ljóst að það þarf fleiri hús á næstu árum þannig að menn verða að halda vöku sinni áfram. Næsta stóra framkvæmd sem ég sé í mannvirkjamálum er að eignast upphitaða grasvelli sem byggðir eru upp með

ákveðinni blöndu náttúrulegs grass og gervigrass. Þetta yrði algjör bylting, en þessi þróun á sér stað víða í Evrópu þar sem veðráttan er rysjótt á veturna, til dæmis á Norðurlöndunum og í Mið-Evrópu. En við þurfum að fylgjast mjög vel með öllum framförum og nú á sér stað mjög hröð þróun í framleiðslu gervigrass og virðist ekki langt í það að Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) og Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) viðurkenni slíkt gras vegna leikja í Heimsmeistarakeppni og Evrópukeppni félagsliða. Nú er í raun verið að tala af alvöru um keppnistímabilið 2004/2005. Þegar þar er komið að gervigras er á Old Trafford held ég að alsvæsnustu andstæðingar gervigrass á Íslandi (ég nefni engin nöfn) hljóti að samþykkja að spila Íslandsmót við sömu aðstæður og stórlið Manchester United. En ég tel að það sé styttra í þetta en þið trúið. Þetta segi ég af þeirri reynslu að hafa hlustað á breytingar og þróun umræðna um þessi mál innan UEFA á síðustu árum.

Góðir þingfulltrúar.

Fyrir þessu 56. ársþingi liggur nokkur fjöldi mála sem öll skipta máli fyrir hreyfinguna, þó þau séu mismunandi viðamikil og skoðanir um sum þeirra séu mjög skiptar og ekki munu þau öll hljóta náð fyrir þingheimi og fá tilskilinn meirihluta. Ég ætlast til að menn verði hér hreinskilnir í umræðum. Á ársþingum fá menn tækifæri til að ræða stefnumál knattspyrnuhreyfingarinnar. Hér er tækifæri til að skamma stjórn KSÍ fyrir það sem miður hefur farið og þá vonandi að hæla henni fyrir það sem vel hefur verið gert. Ég skora á ykkur öll að hugsa fyrst og fremst um hag heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmuni stýra gerðum ykkar. Það á að gusta af ársþinginu, þá er líf og kraftur í hreyfingunni, átök eru jú oftast undanfari framfara.

Ég þakka stjórnarmönnum í KSÍ góð störf, einnig nefndamönnum öllum hjá KSÍ. Ég vil nota þetta tækifæri til að hæla sérstaklega framkvæmdastjóra KSÍ Geir Þorsteinssyni og hans góða starfsfólki. Starfsemi KSÍ byggir að miklu leyti á starfi þessa ágæta fólks, þau eru okkar andlit bæði inn á við og út á við. Geir vinnur frábært starf sem framkvæmdastjóri og hefur öðlast mikið traust og styrk í hreyfingunni af sínum störfum. Það má með sanni segja að hann hafi vaxið í starfi ár frá ári með meiri reynslu og þroska. Allt starfsfólk KSÍ er boðið og búið að aðstoða ykkur öll á allan þann hátt sem mögulegt er varðandi knattspyrnuna, dag og nótt liggur mér við að segja. Skrifstofa KSÍ er og á að vera lifandi þjónustumiðstöð fyrir hreyfinguna. Framkvæmdastjóra og starfsfólki hans þakka ég sérstaklega mikla og góða vinnu við undirbúning þessa 56. ársþings KSÍ. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur þingfulltrúum og forystumönnum í íslenskri knattspyrnu ykkar heilladrjúgu störf í þágu hreyfingarinnar á þessu starfsári. Ég bið ykkur forystumenn íslenskrar knattspyrnu að starfa vel þessa tvo þingdaga. Hér sameinum við krafta, hér störfum við saman af drenglyndi og heilindum.

56. ársþing KSÍ er sett.

---

**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Rúnar V. Arnarson, formaður, ÍRB

Árni Óðinsson, ÍBA

Grímur Friðgeirsson, ÍBR

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

---



**Formaður gerði tillögur um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Sveinn Jónsson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

---

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Ellert B. Schram, formaður Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.
  - Reynir Karlsson, fulltrúi Menntamálaráðherra.
  - Snorri Hjaltason tók til máls og kynnti í máli og myndum nýju íþróttahöllina í Grafarvogi.
- 

**Álit kjörbréfanefndar**

- Rúnar V. Arnarson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Heiðar Jóhannsson.

Frá HSK (2): Katrín Karlsdóttir og Þorvarður Hjaltason.

Frá HSP (2): Linda M. Baldursdóttir og Valgeir Guðmundsson.

Frá ÍA (4): Guðjón Kristjánsson, Gunnar Sigurðsson, Hörður Helgason og Jóhannes Guðjónsson.

Frá ÍBA (9): Árni Óðinsson, Bjarni Jónsson, Einar M. Guðmundsson, Gunnar Gunnarsson, Haukur Bragason, Kristján Guðmundsson, Jón E. Gíslason, Sigurjón Magnússon og Vignir M. Þormóðsson.

Frá ÍBH (7): Hafsteinn Ellertsson (Valgarður Arnarson), Hörður Gestsson, Jón Vigfússon, Ólafur Guðmundsson, Pétur Stephensen, Viðar Halldórsson og Þórir Jónsson.

Frá ÍBR (28): Ámundi Halldórsson, Árni Þórðarson, Ásgeir Ásgeirsson, Björn Guðbjörnsson, Eiríkur Þ. Einarsson, Helgi Magnússon, Gísli Sváfnisson, Grímur Friðgeirsson, Guðjón Guðmundsson, Guðrún Inga Sívertsen, Gunnar Ólafsson (Karl Arthursson), Gunnsteinn Ómarsson, Halldór Einarsson, Brynjar Jóhannesson, Jónas Kristinsson, Jökull Ísleifsson, Kjartan Daníelsson, Kristinn Daníelsson, Kristinn Einarsson, Ólafur B. Halldórsson, Ólafur Garðarsson, Sigurður K. Sveinbjörnsson, Sigurður Ólafsson, Stefán L. Aðalsteinsson, Steinar Guðgeirsson, Steinn Halldórsson, Sveinn Stefánsson og Þorvaldur Ingimundarson.

Frá ÍBS (2): Þorgeir Bjarnason og Þórir Hilmarsson.

Frá ÍBV (5): Ásmundur Friðriksson, Guðmundur Þ. B. Ólafsson, Hjalti Kristjánsson, Ívar Atlason og Jóhann Ingi Árnason.

Frá ÍRB (4): Kjartan Másson, Leifur Gunnlaugsson, Rúnar V. Arnarson og Þorsteinn Magnússon.

Frá ÍS (7): Guðmundur Árni Sigurðsson, Guðmundur Pálsson, Hannes Jón Jónsson (Bergný Jóna), Ingvar Guðjónsson, Jónas Þórhallsson, Ragnar Ragnarsson og Sigurður Gunnarsson.

Frá UÍA (3): Magnús Ásgrímsson, Ásgrímur Ingi Arngrímsson og Víglundur Gunnarsson.

Frá UÍÓ (2): Benedikt B. Sverrisson og Helgi Jónsson.

Frá UMSB (1): Þorsteinn Benjamínsson

Frá UMSE (2): Gísli Bjarnason og Sigurvin Jónsson.

Frá UMSK (12): Benedikt Þór Guðmundsson, Dagný Halldórsdóttir, Hannes Hauksson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Ingibjörg Jóhannesdóttir, Páll Bragason, Valdimar Leó Friðriksson, Hafsteinn Pálsson, Sigurður Þorsteinsson, Steini Þorvaldsson, Sverrir Magnússon og Þorvaldur Ásgeirsson.

Frá UMSS (2): Atli Björn E. Levy og Eyþór Einarsson.

Frá USÚ (1): Albert Eymundsson.

Enginn mætti frá HSB, HSH, HSS, HSV, UDN, UNÞ, USAH, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt.

---

### Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.

---

### Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

- Hörður Helgason tók til máls og þakkaði fyrir góða skýrslu. Hann fjallaði um nokkur atriði sem fram komu í ávarpi formanns, þar á meðal kostnað við landsleikinn í Kaupmannahöfn og málefni landsliðsmanna.
- Valdimar L. Friðriksson tók til máls og ræddi meðal annars um styrki ríkisins og bæjarfélaga við rekstur knattspyrnudeilda.
- Jónas Sigurðsson tók til máls og þakkaði fyrir góða ársskýrslu en gerði athugasemd við það að í skýrslunni var ekki getið um þátttöku KR í fyrstu Evrópukeppni kvennaliða.
- Halldór Einarsson tók til máls, þakkaði fyrir góða skýrslu og ræddi um aðstöðu áhorfenda á knattspyrnuvöllum. Hann vildi að nýjar höfuðstöðvar Knattspyrnusambandsins yrðu á Laugardalsvelli í tengslum við sækkun vallarins.
- Gunnar Sigurðsson tók til máls og ræddi um þær breytingar sem orðið hafa á liðnum áratugum á starfsemi KSÍ og einnig ræddi Gunnar m.a. um styrktaraðila KSÍ og styrk KSÍ til félaganna.
- Viðar Helgason tók til máls og bað um skýringar á kostnaðarliðum í ársreikningum sambandsins.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og svaraði framkomnum fyrirspurnum.
- Árni Óðinsson tók til máls og bað um skýringu á yfirlýsingu um niðurfellingu gjalda.
- Geir Þorsteinsson tók aftur til máls og svaraði fyrirspurn Árna.

### Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

---

### Kosning í þingnefndir. Eftirtaldir voru sjálfkjörnir:

#### Allsherjarnefnd

Páll Bragason, formaður, UMSK

Ásmundur Friðriksson, ÍBV

Árni Þórðarson, ÍBR

Björn Guðbjörnsson, ÍBR

Vignir Þormóðsson, ÍBA

Klara Bjartmarz, starfsmaður

**Fjárhagsnefnd**

Jónas Þórhallsson, ÍS  
 Gísli Bjarnason, UMSE  
 Hörður Helgason, ÍA  
 Ámundi Halldórsson, ÍBR  
 Eiríkur Einarsson, ÍBR  
 Pálmi Jónsson, starfsmaður

**Laganefnd**

Guðjón Guðmundsson, ÍBR  
 Hannes Hauksson, UMSK  
 Steinar Guðgeirsson, ÍBR  
 Víglundur Gunnarsson, UÍA  
 Jónas Sigurðsson, ÍBR  
 Gunnar Gylfason, starfsmaður

**Leikreglanefnd**

Björn Friðþjófsson, UMSE  
 Steinn Halldórsson, ÍBR  
 Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK  
 Kristinn Einarsson, ÍBR  
 Jón Vigfússon, ÍBH  
 Birkir Sveinsson, starfsmaður

**Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 15**

Tillögur á þingskjölum 6 til 16 voru bornar upp og ræddar á laugardegi og vísað til nefnda. Þinginu var síðan frestað og afgreiðsla tillagna fór fram á sunnudegi frá kl. 10:00.

**Þingskjal 6**

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

**Tillaga um fjárhagsáætlun 2002****Knattspyrnusamband Íslands**

	Skýr.	Áætlun 2002	Staða 2001	Áætlun 2001
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlög og styrkir	1	128.500.000	120.782.211	106.258.132
Tekjur af landsleikjum	2	17.500.000	13.136.774	12.000.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		61.000.000	74.680.996	55.936.500
Aðrar rekstrartekjur		12.350.000	25.770.573	15.015.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>219.350.000</b>	<b>234.370.554</b>	<b>189.209.632</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	74.075.000	61.391.381	55.150.000
Mótakostnaður	4	25.127.000	19.688.656	20.380.000

Kostnaður við landslið	5	113.215.500	112.163.736	107.885.000
Annar rekstrarkostnaður	6	3.200.000	9.914.986	8.300.000
Afskriftir		2.000.000	1.941.839	2.000.000
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>		<b>217.617.500</b>	<b>205.100.598</b>	<b>193.715.000</b>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða		1.732.500	29.269.956	-4.505.368
<b>Fjármagnsliðir</b>				
Fjármunatekjur		25.000.000	28.434.906	9.700.000
Fjármagnsgjöld		-2.500.000	-3.171.753	-1.800.000
Gengistap hlutabréfasjóða			-6.402.125	
Útgreiðsla til aðildarféлага			-9.850.000	
<b>Fjármagnsliðir alls</b>		<b>22.500.000</b>	<b>9.011.028</b>	<b>7.900.000</b>
<b>Hagnaður án áhrifa Laugardalsvallar</b>		<b>24.232.500</b>	<b>38.280.984</b>	<b>3.394.632</b>
Tap af rekstri Laugardalsvallar		-4.221.000	-18.156.961	-1.430.000
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>20.011.500</b>	<b>20.124.023</b>	<b>1.964.632</b>

	Áætlun 2002	Staða 2001	Áætlun 2001
<b>Nr. 1 Styrkir og framlög:</b>			
Í.S.Í.	3.100.000	2.953.919	4.258.132
Íslensk getspá	8.000.000	7.001.197	7.000.000
Getraunir	5.000.000	5.275.899	5.000.000
Norræni Menningarmálasjóðurinn	1.000.000	1.798.897	1.000.000
UEFA styrkir	46.400.000	39.469.464	33.000.000
FIFA styrkur	25.000.000	24.949.500	20.000.000
Ýmsir styrkir	40.000.000	39.333.335	36.000.000
<b>Styrkir og framlög</b>	<b>128.500.000</b>	<b>120.782.211</b>	<b>106.258.132</b>
<b>Nr. 2 Tekjur af landsleikjum:</b>			
Landsleikir A-landslið	10.000.000	10.636.774	10.000.000
Landsleikjatekjur erlendis	7.500.000	2.500.000	2.000.000
<b>Tekjur af landsleikjum</b>	<b>17.500.000</b>	<b>13.136.774</b>	<b>12.000.000</b>
<b>Nr. 3 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:</b>			
Laun og tengd gjöld	40.159.000	34.110.986	29.750.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	33.916.000	27.280.395	25.400.000
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>	<b>74.075.000</b>	<b>61.391.381</b>	<b>55.150.000</b>
<b>Nr. 4: Mótakostnaður:</b>			
Mótakostnaður	7.950.000	19.688.656	19.850.000
Dómarakostnaður	17.177.000	3.256.987	4.300.000
<b>Mótakostnaður</b>	<b>25.127.000</b>	<b>22.945.643</b>	<b>24.150.000</b>
<b>Nr. 5: Kostnaður við landslið:</b>			
A-landslið karla	47.551.000	52.834.001	50.300.000

U-21 landslið karla	11.882.000	14.877.918	14.310.000
U-19 landslið karla	6.401.000	5.851.218	5.600.000
U-17 landslið drengja	8.170.000	7.659.360	6.575.000
A-landslið kvenna	12.707.000	5.171.535	9.000.000
U-21 landslið kvenna	3.489.000	3.090.909	2.950.000
U-19 landslið kvenna	4.107.000	9.298.831	6.000.000
U-17 landslið stúlkna	5.700.500	3.683.658	3.550.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	9.700.000	9.696.306	9.000.000
Hæfileikamótun	3.508.000	2.142.610	2.650.000
<b>Kostnaður við landsleiki</b>	<b>113.215.500</b>	<b>114.306.346</b>	<b>109.935.000</b>

**Nr. 6 Annar rekstrarkostnaður:**

Fræðslukostnaður	2.700.000	1.570.076	1.150.000
Mannvirkjakostnaður	500.000	348.905	200.000
Ýmis kostnaður	0	2.596.408	3.130.000
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>3.200.000</b>	<b>4.515.389</b>	<b>4.480.000</b>

**KSÍ - Laugardalsvöllur**

	Áætlun 2002	Staða 2001	Áætlun 2001
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög Reykjavíkur vegna framkvæmda	27.000.000	26.739.305	27.000.000
Húsaleiga og æfingastyrkir ÍBR	7.400.000	7.400.000	7.260.000
Tekjur af landsleikjum	3.000.000	3.828.900	3.500.000
Tekjur af Coca-Cola bikarkeppni	700.000	533.172	800.000
Tekjur af Símadeildinni	700.000	591.880	650.000
Tekjur af Evrópuleikjum	600.000	637.420	1.000.000
Flóðljós-ljósatafla-hljóðkerfi	490.000	475.000	850.000
Aðrar tekjur	1.590.000	1.679.988	2.690.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>41.480.000</b>	<b>41.885.665</b>	<b>43.750.000</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og tengd gjöld	13.881.000	14.058.301	13.765.000
Almennur rekstrarkostnaður	3.820.000	4.419.014	4.065.000
Rekstur mannvirkja	7.500.000	7.257.162	7.750.000
Önnur gjöld	0	0	100.000
Afskriftir	18.500.000	18.567.156	18.000.000
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>43.701.000</b>	<b>44.301.633</b>	<b>43.680.000</b>
<b>Hagnaður/tap án fjármagnsliða</b>	<b>-2.221.000</b>	<b>-2.415.968</b>	<b>70.000</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Fjármunatekjur	1.000.000	1.311.289	1.500.000
Fjármagnsgjöld	-3.000.000	-17.052.282	-3.000.000
Fjármagnsliðir alls	-2.000.000	-15.740.993	-1.500.000
<b>Tap ársins</b>	<b>-4.221.000</b>	<b>-18.156.961</b>	<b>-1.430.000</b>

## Stjórn KSÍ

- Páll Bragason tók til máls og hafði áhyggjur af auknum kostnaði við skrifstofuhald og ræddi einnig um aukna sjóði KSÍ.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og svaraði fyrirspurn Páls.
- Gunnar Sigurðsson tók til máls og stakk upp á því að fjárhagsáætlun væri gerð til lengri tíma en eins árs. Gunnar ræddi einnig um skrifstofukostnað sambandsins.

Tillöggunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Hörður Helgason.

Nefndin hvatti til aðhalds í reikstri KSÍ en lagði til að fjárhagsáætlun á þingskjali 6 yrði samþykkt.

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.**

## Þingskjal 7

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

### Tillaga um breytingu á lögum KSÍ - Ársþing KSÍ á einum degi -

**Lagt er til að 7. grein í lögum KSÍ breytist og hljóði svo (breytingar skáletraðar):**

#### 7. grein.

- 1 Störf knattspyrnuþings eru:
  1. Þingsetning.
  2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
  3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
  4. Kosning fyrsta og annars þingritara.
  5. Ávörp gesta.
  6. Álit kjörbréfanefndar.
  7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
  8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ til samþykktar.
  9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
  10. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
  11. *Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.*
  12. *Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.*
  13. Önnur mál.
  14. Kosningar. Álit kjörnefndar.
    - a. Kosning stjórnar.
      1. Kosning formanns (annað hvert ár).
      2. Kosning 4ra manna í aðalstjórn.
      3. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum í stjórn.
      4. Kosning 3ja varamanna í aðalstjórn.
      5. Kosning 4ra varamanna úr landsfjórðungum í stjórn.
    - b. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
    - c. Kosning skoðunarmanna reikninga (tveir aðalmenn og tveir varamenn).

d. Kosning í dómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).

e. Kosning í sérdómstóla KSÍ.

f. Kjörnefnd, 3ja manna, er starfi milli þinga.

15. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.

16. Þingslit.

2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

### Greinargerð:

Með skipulagsbreytingum og auknu hlutverki stjórnar og nefnda KSÍ hafa undanfarin ársþing KSÍ staðið í skemmri tíma. Ljóst er, að með því að fella niður þingnefndir má koma ársþingi fyrir á einum degi. Með því yrði aðeins ein umræða um tillögur áður en þær yrðu afgreiddar í stað tveggja. Það skerðir ekki möguleika þingfulltrúa til að tjá sig um tillögur heldur kallar það á betri undirbúning. Hlutverk laga- og leikreglanefndar yrði aukið og nefndin væri stjórn og þingi ráðgefandi um tillögur á þann hátt að ekki yrðu samþykktar tillögur sem gengu gegn gildandi lögum eða reglugerðum. Eins dags þing er í takt við nýja tíma, eðlileg hagræðing og í fullu samræmi við fyrirkomulag knattspyrnusambanda í nágrannalöndum okkar. Þá er stefnt að fundi formanna að hausti sem vettvang fyrir enn frekari samskipti og umræður um málefni knattspyrnuhreyfingarinnar.

### Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til laganeftardar.

- Álit laganeftardar flutti Guðjón Guðmundsson.

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 7 yrði samþykkt.

**Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða. Í framhaldinu bar þingforseti upp lög sambandsins með áorðnum breytingum sem voru einnig samþykkt samhljóða.**

### Þingskjal 8

- Framsögu hafði Lúðvík S. Georgsson.

### FRÁ NEFND KSÍ um þátttökuleyfi í efstu deild

Þær kröfur sem eru gerðar til knattspyrnufélaga fara vaxandi ár frá ári samhliða auknum vinsældum knattspyrnunnar. Stjórnvöld, fjölmiðlar, stuðningsaðilar og áhorfendur leggja ekki eingöngu mat á félögin eftir því hvernig gengur inni á vellinum heldur horfa meira og meir á heildarímynd félaganna. Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) leggur á það áherslu að knattspyrnan þróist í rétta átt í aðildarlöndum sínum og verði þannig áfram vinsælasta íþrótt í heimi. Til þess að ná þessum markmiðum hefur UEFA sett í gang vinnu að kerfi sem er ætlað að stuðla að bættu starfi knattspyrnufélaga um alla Evrópu. Í þessu kerfi er aðildarsamböndum UEFA ætlað að koma á samræmdum stöðlum sem ná yfir þau félög sem taka þátt í efstu deild í viðkomandi landi. Þessir staðlar eiga ekki að vera hamlandi fyrir félögin heldur þvert á móti auðvelda þeim að bæta skipulag sitt og vinnu á mælanlegan hátt. Kerfið á að auka tiltrú utanaðkomandi aðila á fjárhag félaganna, íþrótt- og uppeldisstarf þeirra og einnig auka þjónustuna við vallargesti til þessa að þeir leggi frekar leið sína á völlinn. Framkvæmdastjórn UEFA kynnti málið árið 2000, en drög að þessum stöðlum voru lögð fram á síðasta ári. Stjórn KSÍ skipaði á síðasta ári fjögurra manna nefnd til að vinna að þessum málum á Íslandi. Í hana voru skipaðir eftirfarandi einstaklingar:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður  
Geir Þorsteinsson, KSÍ

Eggert Steingrímsson KSÍ,  
Guðjón Guðmundsson KR

Nefndin skyldi yfirfara þessa staðla, staðfæra miðað við íslenskar aðstæður og skoða hvernig þessu kerfi yrði komið á á Íslandi. Kynna skyldi vinnu nefndarinnar á ársþingi KSÍ 2002, og leggja þar fram nauðsynlegar tillögur til að hrinda málinu í framkvæmd. Nefndin hélt þrjá bókaða fundi á árinu og tveir nefndarmenn sóttu kynningarfund UEFA í Sviss sl. sumar þar sem drög að stöðlunum voru lögð fram.

Með þessu kerfi vill UEFA m.a. ná fram eftirfarandi markmiðum:

- Að stjórnun og skipulagning félaga í efstu deild verði í takt við kröfur nútímans og stöðu knattspyrnunnar í viðkomandi landi.
- Að uppeldisstarfi sé gert hátt undir höfði í félögunum og ungum leikmönnum sé sinnt á þann hátt sem þeir eiga skilið m.a. með tilliti til menntunar, og að unglingahjálfarar séu vel menntaðir á sínu sviði.
- Að allir leikmenn félaganna leiki og æfi knattspyrnu við ásættanlegar aðstæður. Félögin komi sér upp góðum heimavöllum þar sem áhorfendur og fjölmiðlar njóti góðrar þjónustu og aðstöðu.
- Að eingöngu vel menntaðir hjálfarar starfi hjá félögum og að þau hafi einnig aðgang að nauðsynlegri læknis- og sjúkraþjónustu.
- Stuðla að gagnkvæmum samskiptum milli hjálfara, leikmanna og dómara til að dýpka skilning á knattspyrnulögunum og hvetja til háttvísi.
- Að árleg endurskoðun reikninga félaga verði gerð á traustvekjandi hátt, þannig að fjármál félaganna séu gegnsæ og trúverðug bæði fyrir stjórnendur og viðskiptaaðila.
- Að skapa traustara og einsleitara umhverfi fyrir Evrópukeppni félagsliða.
- Kerfið skal vera komið í gagnid sumarið/haustið 2003, en aðlögunartími að ýmsum kröfum veittur til sumarsins/haustins 2010.
- Frá sumrinu 2004 skulu þau félög, sem taka þátt í Evrópukeppni, hafa áunnið sér þátttökuréttinn í deildarkeppni sem uppfyllir þessar kröfur.

UEFA aðstoðar aðildarsamböndin eftir þörfum í að setja þessar reglur og hefur lýst því yfir að staðlarnir verði endurskoðaðir reglulega til þess að þeir séu í takt við tímann.

Nefndin hefur sett sér það markmið að haustið 2002 verði hægt að leggja fyrir stjórn KSÍ tillögur að reglugerð sem uppfylli þessa staðla miðað við íslenskar aðstæður, sem síðan verði lagðar fyrir ársþing KSÍ 2003. Reglugerðin innihaldi m.a. eftirfarandi:

#### A. Reglur um þátttökuleyfi

1. Félög, sem áunnið hafa sér rétt til þátttöku í Símadeild karla samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu sækja um þátttökuleyfi í Símadeildinni til KSÍ samkvæmt reglugerðinni "X" mánuðum fyrir áætlað upphaf Símadeildarinnar hvert ár.
2. Félag sem hefur í gegnum Bikarkeppni KSÍ unnið sér rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða en á ekki sæti í Símadeild karla á því ári skal einnig sækja um þátttökuleyfi til KSÍ samkvæmt reglugerð þessari og því aðeins öðlast þátttökurétt í Evrópukeppni að leyfið sé veitt.
3. Þátttökuleyfi er því aðeins veitt að skilyrðum þessarar reglugerðar uppfylltum.

#### B. Þátttökuleyfisnefnd

1. Þátttökuleyfisnefnd skal skipuð 5 mönnum tilnefndum af stjórn KSÍ til tveggja ára og þremur til vara. Með nefndinni skal starfa einn starfsmaður KSÍ og skal hann sitja alla



- fundi nefndarinnar. Nefndarmenn skulu víkja ef ákvarðanatáka snertir hagsmuni þeirra eigin félags.
2. Nefndin skal fara yfir þáttökuleyfisbeiðnir félaganna í Símadeild karla. Á grundvelli þessarar reglugerðar skal nefndin samþykkja eða synja beiðnum um þáttökuleyfi í Símadeild karla.
  3. Ef þáttökuleyfisnefndin ákveður að synja félagi um þáttökuleyfi í Símadeild karla getur viðkomandi félag áfrýjað þeim úrskurði til Dómstóls KSÍ sem sker endanlega úr um synjun eða staðfestingu á þáttökuleyfi.

### C. Knattspyrnuleg skilyrði leyfisveitingar

1. Til þess að félag öðlist þáttökuleyfi skal það hafa öflugt unglingsstarf sem meðal annars skal standast eftirfarandi kröfur:
  - a. Senda lið til keppni í a.m.k. þremur Íslandsmótum yngri flokka karla. Hér má taka tillit til ef lið er hluti af sameiginlegu liði eða þáttöku aðildarfélaga viðkomandi knattspyrnubandalags.
  - b. Að minnsta kosti "X" leikmenn á aldrinum 12-18 ára æfi reglulega með félaginu og séu skráðir leikmenn þess hjá KSÍ.
  - c. Að allir þjálfarar yngri flokka félagsins hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa.
2. Taka þátt í samstarfi við Dómaranefnd KSÍ í þeim tilgangi að auka samskipti og gagnkvæman skilning milli þjálfara, leikmanna og dómara.

### D. Mannvirkjaleg skilyrði leyfisveitingar

1. Til þess að öðlast þáttökuleyfi í Símadeild karla verður heimavöllur viðkomandi félags að uppfylla viðeigandi skilyrði um knattspyrnuvelli í Símadeild karla og hafa vottun frá Stjórn KSÍ þar um.

### E. Skipulagsleg skilyrði leyfisveitingar

1. Félagið skal vera með framkvæmdastjóra og opna skrifstofu.
2. Þá skal verkaskipting í stjórnun félags vera skýr.

### F. Fjárhagsleg skilyrði leyfisveitingar

1. Félag sem sækir um þáttökuleyfi skal með umsókninni skila reikningum árituðum af löggiltum endurskoðanda sem staðfestir þá með undirskrift sinni.
2. Félagið skal leggja fram rekstraráætlun fyrir starfsárið sem uppfyllir ákveðin skilyrði.
3. Í reikningunum og rekstraráætluninni skal koma fram að vissar viðmiðunartölur séu í lagi og endurskoðandinn staðfestir að svo sé með undirskrift sinni.
4. Endurskoðandinn gengst inná að láta knattspyrnusambandið vita sérstaklega ef þessar viðmiðunartölur eru ekki uppfylltar, eða að þær byggist á hæpnum forsendum.
5. Félagið skal láta knattspyrnusambandið vita ef verulegar breytingar verða á fjárhagsstöðu þess og ákveðnum viðmiðunartölum í rekstri þess á keppnistímabilinu sem það hefur fengið þáttökuleyfi fyrir.

Til að skapa grundvöll fyrir reglugerðina leggur nefndin fram tillögu um lagabreytingu. Jafnframt leggur nefndin fram í formi ályktunartillögu nokkur markmið sem stefnt skuli að við setningu reglugerðarinnar til að fá stuðning ársþingsins við vinnu sína. Þau eru byggð á stöðlum UEFA með aðlögun að íslenskum aðstæðum. Rétt er þó að benda á að endanleg markmið og reglugerð verða að berast undir framkvæmdastjórn UEFA, sem sker úr um hvort markmiðum UEFA sé náð.

### Nefnd um þáttökuleyfi í efstu deild

## Tillaga um lagabreytingu

Inn í lög KSÍ komi ný 24. grein, en eftirfarandi greinar endurnúmerist samkvæmt því. Greinin hljóði þannig:

24. grein.

1. Félög í Símadeild karla skulu uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi innra skipulag, aðstöðu og fjármál.
2. Stjórn KSÍ skal setja reglugerð um ofangreindar kröfur sem byggjast á samræmdum stöðlum UEFA um sama efni.

## Nefnd um þátttökuleyfi í efstu deild

### Tillaga til ályktunar

56. ársþing KSÍ, haldið í Reykjavík 9.-10. febrúar 2002 ályktar að eftirfarandi markmið skuli m.a. lögð til grundvallar við gerð Reglugerðar um þátttökuleyfi í efstu deild karla, samanber nýframlagða staðla UEFA um þetta efni. Reglugerðin liggja fyrir til samþykktar fyrir stjórn KSÍ haustið 2002, en verði lögð fyrir ársþing KSÍ í febrúar 2003.

KSÍ geri eftirtaldir kröfur til félaga sem eiga þátttökurétt í efstu deild karla:

#### 1. Knattspyrnuleg

- a) Að þau standi fyrir öflugum unglिंगastarfi og reki a. m. k. 3 keppnisflokka á aldursbilinu 12 - 19 ára.
- b) Þjálfara yngri flokka skuli hafa lokið viðeigandi námskeiðum hjá KSÍ, og uppfylla með fyllstu kröfur sem gerðar eru til þjálfara í viðeigandi aldursflokkum.

#### 2. Mannvirki

- a) Að á heimavöllum félaga í Símadeildinni sé yfirbyggð stúka með sætum fyrir a.m.k. 1000 áhorfendur. Þessu markmiði sé náð eigi síðar en sumarið 2010.
- b) Að nýir (eða endurbyggðir) keppnisvelli í Símadeildinni séu með hitakerfi og besta yfirborði sem völ er á (gras/gervigras) skv. kröfum UEFA. Frá 2010 uppfylli allir velli þessi skilyrði.
- c) Að á heimavöllum sé góð aðstaða fyrir fjölmiðla

#### 3. Skipulag

- a) Framkvæmdastjóri sé í fullu starfi.
- b) Skrifstofa sé opin á hefðbundnum skrifstofutíma a.m.k. á keppnistímabilinu.
- c) Þjálfari meistaraflokks sé með ædstu þjálfararéttindi sem KSÍ veitir og frá 2010 haldi hann UEFA Pro gráðu.

#### 4. Fjármál

- a) Að fyrirliggjandi ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið ár sé áritaður án fyrirvara af löggiltum endurskoðanda ásamt fjárhagsáætlun til næstu 12 mánaða.
- b) Að félagið sé með jákvæða eiginfjárstöðu þ. e. að eignir eru hærrí en skuldir.
- c) Að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar næstu 12 mánuðina. Veltufjárhlutfall þess sé að lágmarki 1, þ. e. veltufjármunir jafnháir skammtímaskuldum.

## Nefnd um þátttökuleyfi í efstu deild

- Hörður Helgason tók til máls og þakkaði Lúðvík fyrir góða greinargerð en gerði verulegar athugasemdir við þær kröfur sem gerðar eru til félaganna í tillögunni.
- Halldór B Jónsson tók til máls og kom með ábendingar.
- Guðmundur Þ. B. Ólafsson tók til máls og taldi tillöguna vera óframkvæmanlega.
- Lúðvík S. Georgsson tók til máls og útskýrði málið frekar.
- Jónas Þórhallsson tók til máls og gerði athugasemdir.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og útskýrði málið frekar.
- Halldór B Jónsson tók til máls.
- Gunnar Sigurðsson tók til máls.
- Lúðvík S. Georgsson tók til máls.
- Guðmundur Þ. B. Ólafsson tók til máls.

Tillögunni var vísað til laganevndar.

- Álit laganevndar flutti Guðjón Guðmundsson.

## Nefndin lagði fram nýtt þingskjal, þingskjal 8 b

### Tillaga um lagabreytingu

Inn í lög KSÍ komi ný 24. grein, en eftirfarandi greinar endurnúmerist samkvæmt því. Greinin hljóði þannig:

24. grein.

1. *Félög í Símadeild karla skulu uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi innra skipulag, aðstöðu og fjármál.*

2. *Stjórn KSÍ skal setja reglugerð um ofangreindar kröfur sem byggjast á samræmdum stöðlum UEFA og íslenskum aðstæðum.*

### Tillaga til ályktunar

56. ársþing KSÍ, haldið í Reykjavík 9.-10. febrúar 2002 ályktar að eftirfarandi markmið skuli m.a. lögð til grundvallar við gerð Reglugerðar um þátttökuleyfi í efstu deild karla, samanber nýframlagða staðla UEFA um þetta efni. Reglugerðin liggi fyrir til samþykktar fyrir stjórn KSÍ haustið 2002, en verði lögð fyrir ársþing KSÍ í febrúar 2003 **til endanlegrar samþykktar.**

1. **KSÍ geri metnaðarfullar kröfur til félaga sem eiga þátttökurétt í Símadeild karla sem taki mið af íslenskum aðstæðum og virki ekki hamlandi fyrir eðlilega starfsemi og þróun félaga.**
2. **Aðstaða, starf, skipulag og fjármál verði með þeim hætti að áhugi á að iðka, starfa fyrir og fylgjast með knattspyrnu vaxi stöðugt.**
3. **Rekstur félags verði góður og í samræmi við það rekstrarumhverfi sem félagið býr við.**

**Þetta taki m. a. mið af eftirfarandi þáttum:**

1. *Knattspyrnuleg*

a) *Að þau standi fyrir öflugum unglingsstarfi og reki a. m. k. 3 keppnisflokka á aldursbilinu 12 - 19 ára.*

b) *Þjálfara yngri flokka skuli hafa lokið viðeigandi námskeiðum hjá KSÍ, og uppfylla með fyllstu kröfur sem gerðar eru til þjálfara í viðeigandi aldursflokkum.*

2. *Mannvirki*

a) Að á heimavöllum félaga í Símadeildinni sé yfirbyggð stúka með sætum fyrir a.m.k. 500-1000 áhorfendur. Þessu markmiði sé náð eigi síðar en sumarið 2010.

b) Að nýir (eða endurbyggðir) keppnisvelli í Símadeildinni séu með besta yfirborði sem völ er á (gras/gervigras) skv. kröfum UEFA og þannig úr garði gerðir að hægt sé að lengja keppnistímabilið. Frá 2010 uppfylli allir vellir þessi skilyrði.

c) Að á heimavöllum sé góð aðstaða fyrir fjölmiðla

3. Skipulag

a) Starfsmaður við rekstur sé í fullu starfi.

b) Skrifstofa sé opin á hefðbundnum skrifstofutíma a.m.k. á keppnistímabilinu.

c) Þjálfari meistaraflokks sé með æðstu þjálfararéttindi sem KSÍ veitir og frá 2010 haldi hann UEFA Pro gráðu.

4. Fjármál

a) Að fyrirliggjandi ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið ár sé áritaður án fyrirvara af löggiltum endurskoðanda ásamt fjárhagsáætlun til næstu 12 mánaða.

b) Að félagið sé með jákvæða eiginfjárstöðu þ. e. að eignir eru hærri en skuldir.

c) Að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar næstu 12 mánuðina. Veltufjárhlutfall þess sé að lágmarki 1, þ. e. veltufjármunir jafnháir skammtímaskuldum.

### Laganefnd

- Ingibjörg Jóhannsdóttir tók til máls og gerði athugasemd við að notað væri orðið „Símadeild”, réttara væri að nota orðið efsta deild.
- Guðjón Guðmundsson, framsögumaður laganefndar samþykkti athugasemd Ingibjargar.

**Tillagan á þingskjali 8b var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.**

### Þingskjal 9

- Framsögu hafði Hjalti Kristjánsson.

### Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Nýtt fyrirkomulag í 2. deild karla, tveir 8 liða riðlar -

#### **Grein 3.9.1.1.1. (Íslandsmót) verði:**

Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 4 deildir. Efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum, 2. deild 16 liðum sem leiki í tveimur 8 liða riðlum og 3. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn 0. deildar.

#### **Grein 3.9.1.1.8. verði:**

Sigurvegarar hvors riðils í 2. deild færast upp í 1. deild næsta leikár og neðsta lið hvors riðils niður í 3. deild. Næstneðsta lið hvors riðils keppa við liðin í 3. og 4. sæti 3. deildar um tvö laus sæti í 2. deild að ári.

#### **Grein 3.9.1.1.9. verði:**

“Ef lið .... í Símadeild eða 1. deild, skal liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef um er að ræða lið í 2. deild, skulu liðin sem höfnuðu í 3. deild skv. grein 3.9.1.1.8. leika um lausa sætið.

**Greinargerð:**

Flestir eru sammála um, að fátt sér erfiðara en að komast upp úr 3. deild. Ég nefni Hauka og Aftureldingu sem dæmi. Þar eru fjölmörg félög, sem gætu spjarað sig ofar, sbr. úrslit í Deildarbikar og Bikar, en líka fjölmörg félög, sem standa hinum langt að baki. Við teljum grundvöll fyrir 16 liða 2. deild, sem yrði þá 2-skipt, með landamæri við Kirkjubæjarklaustur, Vesturriðill yrði talinn upp í 8 þaðan, Austurriðill upp í 8 í austur, og hringinn kringum landið. Meðan verið væri að breyta mætti láta 7 lið fara upp og 1 niður, eða að næst neðsta sætið í 2. deild keppi við 2. sætið um laust sæti í 2. deild að ári. Í 3. deild, í hvorum riðli.

Sem dæmi, hvað hefði gerst í ár: HK, Njarðvík, Völsungur og Fjarðabyggð hefðu farið beint upp og liðin með bestan árangur í 2. sæti, Fjölnir, KFS og Leiknir F., hefðu getað keppt við Nökkva um 16. sætið. Þá hefði þetta litið svona út:

2. deild Vestur (2002): KFS, Selfoss, Víðir, Njarðvík, HK, Léttir, Leiknir R. og Fjölnir. Austur: Afturelding, Skallagrímur, Tindastóll, KS, Völsungur, Fjarðabyggð, Leiknir F. og Nökkvi/Hvöt.

Sérstakur jöfnunarsjóður gæti hér jafnað ferðakostnað. Berið þetta saman við raunverulega 2. deild 2002; Tindastóll, KS, Afturelding, Selfoss, Léttir, Skallagrímur, Víðir, Leiknir R., Völsungur og HK. Þrjú lið að norðan, 7 af SV-horninu, í hinu dæminu: 8 lið af SV-horninu í Vestri, 2 og sex að norðaustan í austurriðlinum. Sextán lið ánægð, 2 óánægð í nýju fyrirkomulagi, 3 óánægð og 7 ánægð í gömlu. Það er marktækur munur.

3. deild-Vestur hefði orðið: HSH, Barðaströnd, Bruni, Reynir S., Árborg, Ægir og GG. Austur: Magni, Neisti H., KÍB, Hvöt/Nökkvi, Huginn/Höttur, Neisti D.

Ljóst er, að liðin á NA-landi vilja meiri fjölbreytni í leikjum sínum í 3. deild, þarna er hún komin. Fjárfrek úrslitakeppni í 3. deild dytti niður að mestu leyti, einn leikurinn í sumar kostaði okkur á 4. hundrað þúsund! Við 3. deild gætu bæst félög með aðgang að almennilegum völlum.

**KFS**

- Halldór B Jónsson tók til máls. Hann tók enga afstöðu til tillögunnar en leiðrétti fullyrðingar í greinargerð.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld.

**Tillagan á þingskjali 9 var felld með öllum atkvæðum gegn sex.**

**Þingskjal 10**

- Framsögu hafði Hjalti Kristjánsson.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
- Fella niður U23 lið í bikarkeppni KSÍ / Heimilt að breyta um leikvöll -**

**Grein 3.9.1.2. um bikarkeppni KSÍ breytist þannig:**

Grein 2 verði: **Hverjum þátttökuaðila skal heimilt að senda eitt lið til keppni.**

Grein 3 falli út.

Greinar 4-14 verði liður 3-13.

Grein 7 (sem verður grein 6) verði: Í fyrstu umferð aðalkeppni skal drætti hagað þannig, að lið í Símadeild og sex efstu lið 1. deildar árið áður dragist gegn hinum liðunum á útivelli. Í seinni umferð skal lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Mótanefnd er heimilt **að breyta um leikvöll, ef bæði lið fallast á, í undantekningartilvikum, sem lúta að keppnishæfi viðkomandi vallar og/eða fjárhagslegum ávinningi viðkomandi félaga, við breytinguna.** Slíkt skal ákveðast innan 2 daga frá drætti.

### **Grein 3.1.2. (Þátttökuréttur) verði:**

Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti.

### **Greinargerð:**

Engan þekkjum við úr neðri deildunum, sem er hrifinn af því, að hafa U23 ára lið stóru félaganna með í forkeppninni. Þau draga verulega úr líkunum á að komast áfram, áhorfendur sýna þeim minni áhuga (okkar reynsla) en litlum liðum úr neðri deildunum, og við stórefum, að leikmenn viðkomandi liða hafi það mikið gagn af þessum leikjum, að það vegi upp gallana við þá. Einnig hefur komið upp alls kyns skringileg staða seinna í keppninni, þegar t.d. 2 lið sama félags dragast saman, og ekki höfum við séð, að fréttamenn sýni þessum liðum mikinn áhuga. Við drógumst gegn Fylki í 32-liða úrslitum í fyrra., það var hápunktur tímabilsins fyrir okkur, þótt við næðum betri árangri í deild en áður. Það munaði minnstu að ÍR U23 kæmi í veg fyrir þetta. Hvort halda menn, að ÍR U23 - Fylkir eða KFS - Fylkir skili fleiri áhorfendum eða meiru fyrir ÍR annars vegar eða KFS hins vegar, t.d.? Fylkismenn geta borið um stemminguna, sem myndaðist hér. Það hlýtur að vera jákvætt fyrir fótboltann í landinu!

Við vitum líka dæmi þess, að U23 liðin voru samansett af þeim úr 2. og 3. flokki viðkomandi félaga. Við sjáum ekki, að það sé rétt verkefni fyrir 15, 16 ára þeyja.

Loks er þetta landsbyggðarmál, stór hluti neðri deildafélaganna kemur úr litlum stöðum utan Reykjavíkur. Það eykur líkurnar á útbreiðslu og áhuga þar að fá stærri lið í pottinn og að geta komist lengra í Bikarkeppninni.

Eitt það skemmtilegasta við bikarkeppni er, að litlu liðin geta skákað þeim stóru. Það vekur miklu meiri athygli ef Reynis S. Vinnur KR, heldur en ef ÍR U23 ynni KR til dæmis, með fullri virðingu fyrir vinum okkar í ÍR.

### **KFS**

- Halldór B Jónsson tók til máls um tillöguna. Hann var andvígur tillögu um að breyta mætti um leikvöll og benti á að fleiri U23 lið væru skráð í mót 2002 en nokkru sinni fyrr.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 10 yrði felld.

- Hjalti Kristjánsson tók til máls og hvatti fulltrúa til að fella álit leikreglanefndar.

**Tillagan á þingskjali 10 var felld með meirihluta atkvæða.**

**Þingskjal 11**

- Framsögu hafði Rúnar V. Arnarson.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
- Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ á Laugardalsvelli -**

**Lagt er til að greinar 6 og 10 í kafla 3.9.1.2. breytist og hljóði svo (breytingar skáletraðar):**

- 6 Aðalkeppnin skal hefjast eftir 15. júní. Úrslitaleikur og undanúrslitaleikir bikarkeppninnar skulu fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í lok ágúst eða í september. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki í undanúrslitum fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar aðstæður. Mótanefnd annast framkvæmd leikjanna í samráði við leikaðila.
- 10 Í úrslitaleik og undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. Í úrslitaleik skal þó KSÍ eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.

**Greinargerð:**

Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ er stórviðburður. Með því að leika á Laugardalsvelli skapast enn betri umgjörð um þessa leiki auk þess allar aðstæður þar eru fyrsta flokks og leiktími á haustin er ekki bundinn við dagsbirtu.

**Grindavík, FH og Keflavík**

Tillögunum var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 11 yrði samþykkt.

- Sigurjón Magnússon tók til máls og var á móti tillögunni.

**Tillagan á þingskjali 11 var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.**

**Þingskjal 12**

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

**Frá starfshópi um mótamál**

Á ársþingi KSÍ 2001 var ákveðið að skipa starfshóp eða nefnd um framtíðarskipulag mótamála, sem m.a. skyldi skoða möguleika til að fjölga liðum í Símadeild karla úr 10 í 12 (tillaga Stjórnunnar lá fyrir þinginu). Skoða skyldi hvaða áhrif slík fjölgun hefði á starfsemi félaga og KSÍ, m.a. með tilliti til

lengingar tímabils, leikvalla, kostnaðar og annars sem finna þyrfti lausn á áður en til fjölgunar kæmi. Starfshópurinn skyldi skila álitni fyrir næsta ársþing KSÍ.

Stjórn KSÍ skipaði eftirtalda í hópinn:

Halldór B Jónsson, KSÍ, formaður  
Ágúst Ingi Jónsson, KSÍ  
Árni Óðinsson, Þór  
Björn Friðþjófsson, KSÍ  
Grímur Sæmundsen, Val  
Guðjón Guðmundsson, KR  
Jóhannes Ólafsson, KSÍ  
Sigurður Guðmundsson, Stjórnunni

Með hópnum störfuðu einnig:

Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ  
Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ

## NIÐURSTAÐA

**Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að fjölga liðum í Símadeild karla án þess að lengja leiktímabilið (hefja það fyrr á vorin). Starfshópurinn telur hins vegar að fjölgun um 2 lið sé æskilegt markmið til lengri tíma lítið og leggur til að stjórn KSÍ vinni áfram að undirbúningi málsins og hafi að markmiði fjölgun í efstu deild sumarið 2006.**

## GREINARGERÐ

Íslensk knattspyrnufélög standa nú frammi fyrir miklum verkefnum, talsverðum erfiðleikum og margvíslegum kröfum, sem íþyngt geta félögunum og einnig viðkomandi sveitarfélögum fjárhagslega. Benda má meðal annars á eftirfarandi efnisþætti, sem allir snerta hugsanlega fjölgun liða í efstu deild:

### (a) Þátttökuleyfi félaga

Fyrir ársþingi KSÍ 2002 liggja tillögur nefndar um svokallað þátttökuleyfi fyrir félög í Símadeild karla. Kröfur um slíkt þátttökuleyfi eru gerðar af UEFA, en miðast við aðstæður í viðkomandi landi. Kröfurnar eiga í sjálfu sér ekki að verða hamlandi fyrir starfsemi félaganna, heldur verði til að styrkja þau í starfi sínu á ýmsa vegu. Væntanleg reglugerð KSÍ um þátttökuleyfi mun meðal annars innihalda kröfur um knattspyrnulega þætti, um heimavöll félags, svo og um skipulags- og fjárhagsleg atriði. Gert er ráð fyrir að reglugerð verði staðfest á ársþingi KSÍ 2003 og taki þá gildi, en með aðlögunartíma að ýmsum kröfum í nokkur ár. Æskilegt er að nokkur reynsla komist á þetta fyrirkomulag áður en að fjölgað yrði í efstu deild.

### (b) Mannvirkjamál

Knattspyrnuhúsið í Keflavík hefur sannað ágæti sitt á þeim tíma frá því það var tekið í notkun. Húsin í Reykjavík og í Kópavogi koma á fullu í notkun haustið 2002 og húsið á Akureyri verður fullbúið nokkru síðar. Upphitaðir gervigrasvöllir í Reykjavík og Hafnarfirði eru í mjög mikilli notkun allan ársins hring. Viðkomandi sveitarfélög hafa lagt í verulegar fjárfestingar við byggingu þessara mannvirkja.

Sjálfir keppnisvöllir félaganna hafa hins vegar setið eftir á margvíslegan hátt. Ef færa á upphaf Íslandsmóts mikið framar en nú er, t.d. um 2 til 4 vikur, er ljóst að helstu leikvöllir verða að vera upphitaðir. Hugsanlegt er einnig að styrkja ætti slitfleti vallanna með ígræðslu gerviefna. Huga þarf einnig að flóðljósum á helstu leikvöllum og hvort að nýting þeirra réttlæti slíka fjárfestingu. Hin



öra þróun gervigrass skiptir einnig verulegu máli á Íslandi, jafnt utanhúss sem innan. Knattspyrnuhreyfingin þarf að taka af skarið í afstöðu sinni til gervigrass og um það hvenær gervigrasvellir (úti eða inni) verði notaðir í efstu deildum sem aðalvöllur og/eða varavöllur. KSÍ og félögin þurfa að vinna markvisst að mannvirkjamálum í sameiningu og í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög.

Engin vafi leikur á að öll tæknileg framþróun leikvalla, sem lengir leiktíð á grasi og eykur almennt notagildi þeirra, er algjört grundvallaratriði til þess að unnt sé að fjölga í Símadeild karla með skynsamlegum hætti.

(c) Fjárhagsleg atriði

Fjárhagslegir erfiðleikar knattspyrnudeilda og félaga hafa verið augljósir á undanförunum árum. Ýmislegt bendir til þess að fjármál félaganna séu að styrkjast og að raunsærri kröfur séu nú gerðar um útgjöld vegna meistaraflokka karla. Skilyrði í væntanlegu þátttökuleyfi eru m.a. hugsuð sem aðstoð við félögin á sviði fjármála.

Ekki er augljóst hver verða fjárhagsleg áhrif fjölgunar liða úr 10 í 12 í efstu deild. Kostnaður eykst við framkvæmd mótsins vegna fleiri leikja. Tekjur þyrftu að aukast að sama skapi, m.a. leiktekjur í hlutfalli við fjölda áhorfenda, en ekki síður markaðstekjur, það er greiðslur frá samstarfsaðilum, auglýsendum og vegna sjónvarpssendinga. Markaðurinn þyrfti að bera fleiri lið með efstu deildar kostnað. Unnt ætti að vera að gera nánari samantekt um fjárhagsleg áhrif fjölgunar.

(d) Gæði knattspyrnunnar

Huga verður að gæðum knattspyrnunnar, þegar rætt er um fjölgun liða í efstu deild. Hver er gæðamunur milli efstu og næstefstu deildar? Hvað ber Ísland mörg lið í efstu deild borið saman við nágrannalöndin án þess að gæðin falli? Fjölgar ójöfnum leikjum í deildinni? Jákvætt er að fleiri félög fá tækifæri til að leika í efstu deild. Fleiri leikmenn og þjálfarar taka þátt og verkefni dómara aukast. Jafnframt verður nokkurs konar upphækkun í lægri deildum. “Gæðamat” sem þetta er hins vegar tilfinningalegt og ræður varla ákvörðun um fjölda liða í efstu deild.

Að lokum skal bent á fjölmörg áhugaverð atriði sem fram koma í álitgerðum fyrri milliþinganefnda um mótafyrirkomulag, sem fram komu á þingum KSÍ 1990 og 1997.

- Páll Bragason tók til máls og bar fram fyrirspurn um hvers vegna markmiðið væri sett á árið 2006.
- Halldór B Jónsson tók til máls og svaraði.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og gaf frekari skýringar.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Tillagan kom ekki til frekari afgreiðslu.

### Þingskjal 13

- Framsögu höfðu Lúðvík S. Georgsson og Geir Þorsteinsson.

**TILLÖGUR FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ**  
*um eftirlit með framkvæmd á*  
*reglugerðum KSÍ um félagaskipti leikmanna og*  
*samninga og stöðu félaga og leikmanna*

Á síðasta ársþingi KSÍ var ákveðið að skipa 5 manna millipinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna og skoði sérstaklega reynslu af fyrirkomulagi venstlasamninga. Reikna má með að töluvert gerist á erlendum vettvangi í þessum málum á næstu mánuðum, sem haft getur mikil áhrif á stöðu okkar. Nefndin gefi skýrslu um stöðuna á næsta ársþingi KSÍ og tillögur til breytinga á þeim ákvæðum reglugerðanna sem efni standa til.

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður	Páll Bragason Stjörnunni
Björn Guðbjörnsson, Val og Árni Óðinsson, Þór Ak.	Jón Vigfússon, Haukum

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt fimm bókaða fundi og sendi út eitt dreifbréf til félaganna, þar sem hún bað um ábendingar um það sem betur mætti fara, en fékk ekki mikil viðbrögð.

FIFA kynnti haustið 2001 nýjar reglugerðir um félagaskipti og samningsmál leikmanna, sem tóku gildi 1. september 2001. Setning þessara nýju reglugerða var afleiðing langvarandi togstreitu FIFA/UEFA og Evrópusambandsins (ES) um gildi samninga knattspyrnumanna og sérstöðu knattspyrnunnar sem vinnumarkaðar, sem fylgdi m.a. Bosman-dóminum, og kemur í kjölfar sátta í málinu. Kynningarfundur um nýju reglugerðirnar var í Búdapest í október sl. Þar kom fram að um verulegar breytingar frá eldri reglugerðum væri að ræða, en jafnframt var ýmislegt enn óskýrt, eða jafnvel túlkunaratriði. Reglugerðir FIFA gilda fyrir allan knattspyrnuheiminn en sumir þættir eru meira bindandi en aðrir. Almennt má segja að reglugerðirnar gildi um félagaskipti milli landa, nokkra meginþætti leikmannssamninga og heimildir knattspyrnusambanda til að kalla á leikmenn til landsleikja, en séu leiðbeinandi varðandi félagaskipti innanlands og fleira. Í þeim eru mörg nýmæli, þar á meðal nokkur sem koma Íslendingum mjög vel. Af nýmælum má nefna eftirfarandi atriði:

1. Skilgreindar eru svonefndar *uppeldisbætur* fyrir þjálfun og menntun leikmanna að 23 ára aldri, sem greiðast uppeldisfélögum frá 11-12 ára aldri við félagaskipti þessara yngri samningsleikmanna í lok samnings sem er stórt frávik frá Bosman-reglunni.
2. Þá eru skilgreindar svokallaðar *samstöðugreiðslur* sem greiddar eru uppeldisfélögum sem prósentu (5%) af félagaskiptagjaldi sem samið er um við hefðbundin félagaskipti leikmanna sem eru með gildan samning, og getur þessi upphæð skipt verulegu máli hjá afburðaleikmönnum.
3. Takmarkanir eru settar á samningslengd (1-5 ár) og skilgreint hve lengi samningar eru verndaðir (2-3 ár) og hvenær er unnt að segja þeim upp, og hvað þarf að vera uppfyllt til þess.
4. Verulegar takmarkanir eru settar á frelsi til félagaskipta, og geta þau aðeins orðið í tveimur skilgreindum *gluggum* á ári o.fl., en jafnframt kveðið á um að sami einstaklingur geti aðeins fengið ein félagaskipti á ári. Bein afleiðing af þessu er að lánsfélagaskiptum leikmanna eru settar miklar skorður.

Sumt í reglugerðunum er enn nokkuð óljóst og illa skilgreint og spurning hve vel það heldur þegar á reynir. Þó að þarna sé margt til hagsbóta fyrir okkur þá er annað óhagstætt og t.d. í beinni andstöðu við þá stefnu okkar að félagaskipti séu nokkuð frjáls og opin, ef samningur er ekki fyrir hendi.

Að fundinum loknum var ljóst að mikil verkefni biðu nefndarinnar, en einnig að betra væri að flýta sér hægt og fylgjast vandlega með hvernig nágrannalönd okkar tækju á málinu. Niðurstaða nefndarinnar er að leggja til að nú verði gerðar ákveðnar lágmarksbreytingar á reglugerðum okkar í ljósi þess að við erum bundin af reglugerðum FIFA, en fresta verulegum hluta verksins fram á haustið 2002 en þá má

reikna með að betur liggi fyrir um hvernig vinna á úr þessu. Sömuleiðis ætti þá ýmislegt sem er óskýrt í nýju reglugerðunum að liggja ljósar fyrir. Þangað til munu þær reglur sem gilt hafa um félagaskipti innanlands gilda að mestu óbreyttar. Þær breytingar sem nefndin leggur til eru þó það viðmiklar að hún kys að leggja þær fram í formi nýrra “bráðabirgða” reglugerða, sem gildi fram á haustið, en þá verði gerðar frekari breytingar eftir því sem ástæða er talin til samkvæmt ofangreindu.

Helstu breytingarnar sem finna má í þessum tillögum að nýjum reglugerðum eru eftirfarandi:

1. Samningsform eru einfölduð, þannig að alla samninga (leikmanns-/sambandsamninga) verður unnt að gera á sama staðalformið. Jafnframt er uppeldissamningsformið lagt niður, enda stenst það ekki nýju reglurnar.
2. Nafn og undirskrift umboðsmanns komi fram í þeim samningum sem þeir taka þátt í að gera.
3. Eins og fram kemur að ofan þá gera nýju FIFA reglugerðirnar ráð fyrir að leikmannssamningar geti náð til 5 ára, en þar af eru aðeins 2-3 ár vernduð. Nefndin taldi á þessu stigi ekki tímabært að fylgja þessari forskrift að fullu. Til einföldunar og til að sneiða hjá ýmsum óljósum skilgreiningum, þá leggur nefndin til að lengd leikmannssamninga verði um sinn takmörkuð við 3 ár. Með því eru samningar verndaðir allan tímann (nema hjá leikmönnum sem eru 28 ára eða eldri, þar eru þeir verndaðir í 2 ár). Einnig má benda á að ekki hefur verið algengt að lengri samningar hafi verið gerðir á Íslandi (uppeldissamningar undanskildir) þó að heimildir hafi verið fyrir 4 ára samninga síðustu 2-3 árin. Þá geti leikmannssamningur ekki náð yfir skemmri tíma en eitt keppnistímabil
4. Heimildir til venslasamninga verða ekki endurnýjaðar, enda standast þær ekki nýjar reglugerðir.
5. Tekin eru upp frekari refsíákvæði vegna brota á reglugerðunum, en hingað til hefur verið hægt að beita, og eru þær í samræmi við refsíákvæði í nýrri reglugerð um umboðsmenn.
6. Smávægileg orðalagsbreyting er gerð á ákvæðum varðandi tryggingar leikmanna til að taka af skarið um rétt þeirra.
7. Kveðið er á um að félag skuli skrá leikmenn í gagnagrunn KSÍ frá 9 ára aldri, til að tryggja rétt sinn gagnvart uppeldis- og samstöðubótum. Jafnframt er KSÍ gert skylt að reka slíkan gagnagrunn.
8. Grunnjald er hækkað í 70.000 kr

Fyrir næsta haust liggi svo fyrir tillögur um eftirfarandi þætti og annað sem ástæða er til að taka á:

1. Samræming á samningslengdum við FIFA-reglur, og skilgreiningar á hvenær megi segja upp samningum og hvenær ekki, með eðlilegum viðurlögum sbr. FIFA, ef frekari athugun leiðir í ljós að það sé heppilegt.
2. Hvort stætt sé á að setja strik milli tveggja efstu deilda karla og allra annarra deilda. Fyrir ofan strikið gætu félagaskipti aðeins orðið í skilgreindum gluggum tvisvar á ári, en núverandi kerfi haldist að mestu óbreytt neðan striks og í yngri flokkum (hugmynd frá Norðmönnum).
3. Skilgreining á félagaskiptagluggum. Núverandi hugmyndir nefndarinnar eru um annars vegar innanlandsglugga 15. okt. – 30. apríl og 1. júl. – 31. júlí, og hins vegar glugga við félagaskipti milli landa (sem FIFA setur) og gætu orðið 1. jan. – 28. feb. og 15. júní – 31. júlí (sbr. upplýsingar frá Norðmönnum).
4. Loks að koma aðalatriðum FIFA reglnanna hvað varðar félagaskipti milli landa í okkar reglugerðir, þó með nokkurri einföldun.

Nefndin er sammála um að hreyfa ekki við stuðlakerfinu varðandi félagaskipti innanlands. Það hefur virkað vel og því ekki ástæða til að gera breytingar á því.

### Millipinganefndin

**Tillaga um nýja Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu leikmanna og félaga**

Breytingar frá nógildandi reglugerð eru skáletraðar.

**REGLUGERÐ KSÍ UM SAMNINGA OG STÖÐU FÉLAGA OG LEIKMANNA****A ALMENN ÁKVÆÐI OG SKILGREININGAR**

1. Knattspyrnumenn á Íslandi eru annað hvort áhugamenn eða samningsleikmenn.
  - a. Áhugamaður/Sambandsleikmaður (amateur): Leikmaður sem hefur keppnisleyfi með félagi. Greiðslur til hans geta aðeins náð yfir beinan útlagðan ferða-, fæðis- og dvalarkostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað, tryggingar, æfingar og keppni. Heimilt er að gera sérstakan samning við áhugamann, og kallast hann þá sambandsleikmaður og samningurinn sambandssamningur. Sambandsleikmanni er að vissu marki heimilt að taka við greiðslum tengdum árangri. Heildargreiðslur *vegna sambandsleikmanns og til hans* mega ekki fara út fyrir ramma þessarar reglugerðar og aldrei fara yfir 250.000 kr. á ári.
  - b. Samningsleikmaður (non-amateur): Leikmaður sem gerir samning við félag sem heimilar honum að taka við almennum greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun, svo sem vegna vinnutaps, fyrirhafnar eða árangurs. Samningurinn kallast leikmannssamningur.
2. Einungis KSÍ-umboðsmenn, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð KSÍ (*Reglugerð KSÍ fyrir umboðsmenn leikmanna*), eða umboðsmenn með starfsleyfi frá öðru knattspyrnusambandi innan FIFA, mega starfa sem umboðsmenn félags eða leikmanns við félagaskipti. Jafnframt skulu þeir starfa samkvæmt Reglugerð KSÍ um félagaskipti og Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna. Brot á þessu varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum sömu reglugerðar.
3. Leikmanni sem er jafnframt þjálfari er heimilt að taka greiðslu fyrir störf sín sem slík.

**B. SAMNINGSFORM OG SAMNINGSLENGD**

1. Samningur við leikmann skal gerður á staðalformi frá KSÍ, sem innifelur ákvæði um skyldur félags og leikmanns. Samningi geta fylgt fylgiskjöl sem kveða á um greiðslur til leikmanns og sektarákvæði við brot á samningi samkvæmt samkomulagi félags og leikmanns, tryggingar, útbúnað og fleira. Allra fylgiskjala með samningi skal getið á staðalformi, ella teljast þau ekki bindandi hluti samnings. Ekki er heimilt að tímamörk fylgiskjals séu víðari en tímamörk staðalformsins. Kvaðir byggðar á slíkum grunni skulu teljast marklausar.
2. Sambandssamningur (amateur contract) (sjá kafla H): Öll félög geta gert sambandssamning við leikmann. Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.
3. Leikmannssamningur (non-amateur contract) (sjá kafla H): Aðeins félögum í Símadeild karla og 1. deild karla er heimilt að gera leikmannssamning. Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að þriggja keppnistímabila í Símadeild karla og 1. deild, sbr. þó næstu grein. *Leikmannssamningur getur aldrei verið til skemmri tíma en eins keppnistímabils.*
4. Heimilt er gera samning við leikmann frá og með því almanaksári sem hann verður 17 ára. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára skal forráðamaður hans einnig undirrita samninginn til að hann taki gildi.
5. Óheimilt er að setja inn í samninga eða fylgiskjöl þeirra efri mörk á umsamið félagaskiptagjald við félagaskipti milli landa.
6. Staðalform KSÍ fyrir samninga skulu vera í þríriti, eitt fyrir leikmann sem afhentist honum við undirskrift, annað fyrir félag, og þriðja fyrir KSÍ til skráningar.
7. Á því ári sem samningur rennur út skal það gerast á tímabilinu 16. október - 31. desember.

**C. STADA FÉLAGS SEM GERIR LEIKMANNSSAMNING**

1. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (non-amateur club).

2. Félag, sem gerir leikmannssamning, skuldbindur sig jafnframt til að hlíta reglum KSÍ um félagaskipti leikmanna.
3. Félag, sem gerir leikmannssamning við leikmann, skal senda skrifstofu KSÍ undirritað staðalform samnings ásamt öllum fylgiskjölum til skráningar. Skal það gert innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti. *Samning er ekki unnt að fá skráðan eftir byrjun keppnistímabils (hér skal miða við 1. maí sem byrjun keppnistímabils), nema hann nái einnig yfir næsta keppnistímabil. Félagið skal skila inn upplýsingum um leikjafjölda viðkomandi leikmanns með félagsliðum og landsliðum til að auðvelda ákvörðun um afreksstuðul hans.*
4. Félagi, sem gerir samning við leikmann, er skylt að kynna leikmanninum innhald hans áður en skrifað er undir hann.
5. Heimilt er að semja sérstaklega um að leikmannssamningur falli úr gildi eftir lok keppnistímabils ef félag fellur niður í 1. deild karla. *Slíks skal þá getið í samningnum.* Uppsögn byggð á þessu skal berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi. Ef félag fellur niður í 2. deild karla skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.

#### **D. STAÐA FÉLAGS SEM GERIR SAMBANDSSAMNING**

1. Félag sem gerir sambandssamning við einn eða fleiri leikmenn en ekki leikmannssamning kallast sambandsfélag (amateur club).
2. Félag, sem gerir sambandssamning við leikmann, skal senda skrifstofu KSÍ undirritað staðalform samnings ásamt öllum fylgiskjölum til skráningar. Skal það gert innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti. Samning er ekki unnt að fá skráðan á tímabilinu *1. ágúst* til áramóta, nema hann nái einnig yfir næsta keppnistímabil. Félagið skal skila inn upplýsingum um leikjafjölda viðkomandi leikmanns með félagsliðum og landsliðum til að auðvelda ákvörðun um afreksstuðul hans.
3. Félagi, sem gerir samning við leikmann, er skylt að kynna leikmanninum innhald hans áður en skrifað er undir hann.
4. Heimilt er að semja sérstaklega um að sambandssamningur falli úr gildi eftir lok keppnistímabils ef félag fellur niður í 1. deild karla. Slíks skal þá getið í skráðu fylgiskjali með samningi. Uppsögn byggð á þessu skal berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi.

#### **E. STAÐA LEIKMANNA**

1. Leikmönnum í Símadeild karla og 1. deild karla er heimilt að gera leikmannssamning við félag, en öllum leikmönnum er heimilt að gera sambandssamning við félag. Samningarnir geta eingöngu verið samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.
2. Samningur leikmanns skal gerður á staðalformi frá KSÍ, sem innifelur ákvæði um skyldur félags og leikmanns. Samningnum geta fylgt fylgiskjöl sem kveða á um greiðslur til leikmanns og sektarákvæði við brot á samningi samkvæmt sérstöku samkomulagi félags og leikmanns, tryggingar, útbúnað og fleira. Fylgiskjöl með samningi skulu skráð á staðalform, ella teljast þau ekki bindandi hluti samnings.
3. Leikmaður, sem hefur gert samning við félag, getur ekki skipt um félag innanlands á samningstímanum, nema til komi sérstakt leyfi félagsins. Leikmanni, sem er með samning sem rennur út fyrir næstu áramót, er heimilt að skrifa undir félagaskipti, samkvæmt reglugerð KSÍ

um félagaskipti leikmanna, eftir 15. október. Eftir að hann hefur skrifað undir félagaskiptin er honum heimilt að skrifa undir samning við nýtt félag.

4. Leikmanni er ekki heimilt að gera samning við félag fyrr en á því almanaksári sem hann verður 17 ára. Ef hann er yngri en 18 ára skal samningurinn einnig staðfestast af forráðamanni hans.

*Gamli kaflinn F (venslafélög) fellur út.*

## **F. SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFND KSÍ**

1. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal skipuð þrem mönnum og þrem til vara og skal stjórn KSÍ sjá um tilnefningu þeirra. Með nefndinni skal starfa einn starfsmaður á skrifstofu KSÍ og skal hann sitja alla fundi nefndarinnar. Nefndarmenn skulu víkja ef ákvarðanatataka snertir hagsmuni þeirra eigin félags.
2. Nefndin skal fá afrit af undirrituðum leikmannssamningum og sambandsamningum á staðalformi KSÍ og félagaskiptum og sjá um skráningu á þeim. Sérhverjum samningi skal fylgja afrit af öllum fylgiskjölum hans. Stjórn KSÍ skipar sérstakan trúnaðarmann um vörslu fylgiskjalanna, sem er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella skal skráningu samnings hafnað og báðum samningsaðilum tilkynnt um það. Nefndin skal hafa aðgang að öllum fylgiskjölum með samningi ef hún telur þess þörf vegna ágreiningsmála sem til nefndarinnar koma.
3. Nefndin skal halda skrá um alla samningsleikmenn og sambandsleikmenn. Þar skal koma fram aldur leikmanns, lengd samningstímabils, afreksstuðull hans samkvæmt Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna og fyrri félög. Nefndin skal senda slíka skrá stjórnnum allra félaga sem gert hafa samning við leikmann í nóvember ár hvert. Nefndin skal einnig senda sömu aðilum bráðabirgðalista fyrir ágústlok hvert ár með nöfnum samningsbundinna leikmanna, gerð samnings og lengd samningstímabils.
4. Nefndin skal halda skrá um umboðsmenn og geyma afrit af samningum þeirra, samanber Reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna.
5. Nefndin skal ákvarða afreksstuðul leikmanna, sem eru ekki íslenskir ríkisborgarar eða voru ekki orðnir það fyrir 4 árum. Skal hún taka mið af styrkleika leikmannsins miðað við íslenska leikmenn með hliðsjón af skilgreiningu afreksstuðulsins í grein D 7 í sérákvæðum um félagaskipti innanlands fyrir leikmenn sem eru eða hafa verið samningsbundnir.
6. Nefndin skal endurmeta afreksstuðul leikmanns, ef félag áfrýjar flokkun leikmanns til nefndarinnar, sem það telur augljóslega vanmetinn. Áfrýjun skal fylgja rökstudd greinargerð.
7. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn en átt við langvarandi meiðsli eða veikindi að stríða og telur með hliðsjón af því að afreksstuðull sinn, samkvæmt grein D 7 í reglugerð um félagaskipti leikmanna innanlands, sé metinn of hár og hindri þar með fyrirhuguð félagaskipti sín, áfrýjar því til nefndarinnar skal hún meta hvort sanngjarnt sé að lækka afreksstuðul leikmannsins og þá hve mikið.
8. Við ákvörðun á félagaskiptagjaldi fyrir leikmann, sem áður kom frá erlendu félagi og sannanlega var þá greitt fyrir a.m.k. tvöfalt hæsta félagaskiptagjald innanlands sbr. reglugerð KSÍ um félagaskipti, skal nefndin taka mið af greiðslu til erlenda félagsins og styrkleika leikmanns. Jafnframt skal hún leggja til grundvallar þau sjónarmið sem koma fram í grein C 7 í sérákvæðum um félagaskipti innanlands fyrir leikmenn sem eru eða hafa verið samningsbundnir og þær meginreglur sem gilda í félagaskiptum milli landa og upprunalega félagaskiptagjaldið byggði á. Félagaskiptagjald ákvarðað þannig getur aldrei orðið hærra en greiðslan til erlenda félagsins var.
9. Ef ágreiningsefni koma upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum er aðilum heimilt að sækja um að skipaður sé gerðardómur til leysa úr ágreiningi. Umsókn um slíkt skal lögð fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ, sem tekur afstöðu til

ágreiningsefnisins og úrskurðar í málinu ef hún telur að ákvæði séu skýr og niðurstaða einhlít, eða að fordæmi séu til staðar, og því ekki ástæða til að kalla til gerðardóm. Ella vísar nefndin ágreiningsmálinu í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm. *Ef ágreiningurinn er milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skal dómstóll KSÍ skipa oddamann.* Niðurstaða um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.

10. Ágreining milli íslenskra félaga við félagaskipti, m. a. um greiðslur, skal leggja fyrir Samninga- og félagaskiptanefnd. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur. Ágreining við erlent félag er þó hægt að leggja fyrir FIFA og er ákvörðun þess endanleg.

## G. SKRÁNINGARGJALD SAMNINGA

1. Greiða skal KSÍ gjald vegna skráningar samninga. Gjaldið skal vera krónur 1500 fyrir nýskráningu samnings félags við leikmann, en krónur 500 fyrir skráningu vegna endurnýjunar á samningi félags við leikmann. Gjald vegna nýskráningar telst jafnframt skráningargjald fyrir félagaskipti ef félagaskipti eru undanfari samnings. Gjaldið skal breytast um hver áramót í samræmi við væntanlegar breytingar á aðgöngumiðaverði í Símadeild karla.

## H. VIÐURLÖG VIÐ BROTUM

1. *Ef félag verður uppvíst að alvarlegu broti á reglugerð þessari hvað varðar misnotkun á heimildum til að gera samninga og rangri flokkun leikmanna, þá er stjórn KSÍ heimilt að beita eftirfarandi refsingum (einni eða fleiri saman):*
- áminningu,*
  - sekt, allt að fimmföldu grunngjaldi félagaskipta,*
  - svipta félagið rétti til að gera nýja samninga í allt að eitt keppnistímabil.*

## I. STAÐALSAMNINGUR KSÍ

- Leikmannssamningur  Sambandssamningur

Félagið \_\_\_\_\_, hér eftir nefnt félag, og \_\_\_\_\_, leikmaður félagsins, hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi samning, samanber reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna, sem frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ (dagsetning). *Athugið að leikmannssamningur getur aldrei náð yfir skemmra tímabil en eitt keppnistímabil og að allir samningar verða að renna út á tímabilinu 16. október – 31. desember.*

1. Skyldur leikmanns
- Leikmaður skuldbindur sig til að æfa og leika knattspyrnu með félagi sínu á samningstímanum samkvæmt ákvörðunum stjórnar þess, og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn þess. Öll forföll skal leikmaður tilkynna stjórn félagsins eða fulltrúa hennar (þjálfara).
  - Leikmaður skal fylgja í einu og öllu þeim reglum, sem settar eru um undirbúning leikja, og nota þann útbúnað sem félagið fer fram á að verði notaður.
  - Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu félaginu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins.
  - Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samráðs við stjórn félagsins.
  - Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna knattspyrnu á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í verkefnum á vegum KSÍ, sbr. samstarfsreglur milli KSÍ og aðildarféлага um þátttöku leikmanna í leikjum og æfingum á vegum KSÍ. Leikmanni er ekki heimilt að

æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en knattspyrnu án sérstaks leyfis stjórnar félagsins, sem setur viðeigandi skilyrði.

- f. Leikmaður getur ekki gert frekari kröfur um greiðslur en fram koma í samningi þessum eða skráðum fylgiskjölum hans. *Fyrir sambandssamning geta greiðslur náð yfir beinan útlagðan ferða-, fæðis- og dvalarkostnað vegna leikja, kostnað við útbúnað, tryggingar, æfingar og keppni og umbun tengda árangri, þó þannig að heildarupphæð á greiðslum vegna og til leikmanns má ekki vera hærri en 250.000 kr.*
- g. Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, ganga til samninga við önnur íslensk eða erlend félög eða umboðsmenn þeirra. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram eftir 15. október, ef samningur rennur út fyrir árslok. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við *stjórn félagsins*.

## 2. Skyldur félags

- a. Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni þeim að kostnaðarlausu.
- b. Félagið skal gæta þess að þjálfarar þess stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og félaginu sem mestum árangri.
- c. Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða KSÍ, til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað, sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins eða KSÍ. *Samningsfélag skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkraþjálfari.*
- d. Félagið skal sjá um að leikmaður fái leikmannapassa, sem gildir á alla leiki í viðkomandi deild.
- e. *Samningsfélag skal útvega leikmanni nauðsynlegan útbúnað til æfinga og keppni. Sambandsfélag skal útvega leikmanni helsta útbúnað til æfinga og keppni.*
- f. Félagið skal ganga frá tryggingu fyrir leikmanninn, sem nær yfir slys og meiðsli við æfingar, keppni, ferðir og starf í tengslum við félagið og KSÍ, sem tryggir leikmanninum slysadagpeninga, örorkubætur og e.t.v. dánarbætur samkvæmt eftirfarandi:
- g. Í einstökum tilvikum er stjórn félagsins hvött til að gera undantekningu frá reglum hvað varðar greiðslur vegna félagaskipta samningsbundinna leikmanna. Þetta á einkum við þegar mjög persónulegar aðstæður valda félagaskiptum, t.d. ef leikmaður fer erlendis til náms, eða við flutninga vegna breyttra persónulegra haga. Slíkar undantekningar eru þó í öllum tilvikum háðar mati stjórnar félagsins, sem er heimilt að setja viðeigandi skilyrði.
- h. Staðalsamningurinn er gerður í þríriti, félagið skal afhenta leikmanni eitt afrit við undirskrift.

## 3. Almenn ákvæði

- a. Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að þriggja keppnistímabila í Símadeild karla og í 1. deild karla, en ekki í öðrum deildum karla eða kvenna, og hann getur ekki verið skemmri en eitt keppnistímabil. Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.
- b. Óheimilt er að setja inn í samninginn eða viðauka við hann ákvæði um efri mörk á félagaskiptagjaldi leikmanns við félagaskipti milli landa. Leikmanni er heimilt að semja sérstaklega um hlutdeild í félagaskiptagjaldi við félagaskipti milli landa.



- Samkvæmt samningi þessum skal hlutur leikmanns vera \_\_\_\_\_ % (mest 10%, nema fyrir liggja sérstök heimild frá KSÍ um slíkt).
- c. Báðir aðilar gangast undir að virða lög og reglugerðir KSÍ í hvívetna. *Ef ágreiningsefni koma upp um túlkun eða gildi samningsins skal reyna að leysa ágreininginn innan félagsins. Ef það tekst ekki getur hvor aðili fyrir sig lagt málið fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ með beiðni um að skipaður sé gerðardómur til lausnar ágreiningsefninu. Nefndin úrskurðar í málinu ef hún telur að ákvæði séu skýr og niðurstaða einhlít, eða að fordæmi séu til staðar, og því ekki ástæða til að kalla saman gerðardóm. Ella vísar nefndin ágreiningsmálinu í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm, en dómstóll KSÍ skipa oddamann, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Niðurstaðan er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.*
  - d. Ef annar hvor samningsaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum.
  - e. Heimilt er að semja sérstaklega um að samningurinn falli úr gildi ef félagið fellur niður um deild. Slíks skal þá getið í skráðu fylgiskjali með samningi. Uppsögn byggð á þessu skal berast hinum samningsaðilanum skriflega fyrir 1. nóvember og afrit sendast skrifstofu KSÍ og tekur hún þá strax gildi. *Ef samningsfélag fellur niður í 2. deild skulu allir leikmannssamningar skilyrðislaust renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila*
  - f. Aðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum, þó skal líða a.m.k. 1 mánuður frá undirskrift samnings áður en slíkt tekur gildi. Upplýsingar um slíkt skulu strax sendar skrifstofu KSÍ.

4. *Annað (laun, hlunnindi, sektarákvæði o.fl.)*

5. Fylgiskjöl með samningi.

Hér á eftir skal skrá öll fylgiskjöl sem tilheyra samningi þessum og um hvað þau fjalla.

Fylgiskjal 1: \_\_\_\_\_

Fylgiskjal 2: \_\_\_\_\_

Fylgiskjal 3: \_\_\_\_\_

Undirritaðir staðfesta samning þennan með undirskrift sinni og votta jafnframt að þeir hafa kynnt sér innihald hans:

\_\_\_\_\_  
Staður Dagsetning

\_\_\_\_\_  
Staður Dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirskrift leikmanns

\_\_\_\_\_  
Undirskrift félags

\_\_\_\_\_  
Kennitala leikmanns

\_\_\_\_\_  
Kennitala félags

\_\_\_\_\_  
Undirskrift forráðamanns

\_\_\_\_\_  
Kennitala forráðamanns

\_\_\_\_\_  
Heimilsfang leikmanns

Umboðsmaður leikmanns tók þátt í samningsgerð:  Já;  Nei.

Ef já:

\_\_\_\_\_

Undirskrift umboðsmanns

\_\_\_\_\_  
Kennitala umboðsmanns

\_\_\_\_\_  
Heimilsfang umboðsmanns

Mótttekið af Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ:

\_\_\_\_\_  
Staður Dagsetning Undirskrift

Minnt er á að samningurinn ásamt fylgiskjölum skal skráður hjá skrifstofu KSÍ innan mánaðar frá undirritun. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella verður skráningu samnings hafnað. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.

### **Tillaga um nýja Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna**

Breytingar frá núgildandi reglugerð eru skáletraðar.

## **REGLUGERÐ KSÍ UM FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA**

### **FÉLAGASKIPTI INNANLANDS**

#### **A. ALMENN ÁKVÆÐI**

1. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn, sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir keppa með, eigi síðar en degi áður en kappleikur fer fram. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttakin af skrifstofu KSÍ, sbr. A5 og greinar *B1 og B2* hér að neðan, og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann.
2. *Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ.*
3. Leikmaður, sem er handhafi keppnisleyfis, sem hefur verið útgefið af KSÍ, skal ávallt vera hlutgengur til keppni í knattspyrnumótum á Íslandi svo fremi sem aðrar takmarkanir eru ekki fyrir hendi (t. d. aldur, kyn o. s. frv.). KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfelli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag.
4. Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, getur hann aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí. Ákvæði um tímabundin félagaskipti veita þó rýmri heimildir sbr. kafla B. Frá og með 1. ágúst til og með 15. október eru félagaskipti innanlands ekki heimil, sbr. þó grein 3 hér að ofan, og á því tímabili getur leikmaður sem skráður er hjá erlendu knattspyrnusambandi ekki skipt í íslenskt félagslið. Leikmanni er aðeins heimilt að leika með einu félagi í Íslandsmóti innanhúss.
5. Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi reglugerðum KSÍ um félagaskipti og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hefur verið samningsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun. KSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað til tilkynningar um félagaskipti. Félög eða félagadeildir verða við félagaskipti

eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð. Með staðfestingu sinni á tilkynningu um félagaskipti lýsir

- leikmaður yfir að hann óski eftir að ganga úr því félagi, sem hann er í og yfir í nýja félagið. Ef samningur er enn í gildi milli leikmanns og félags lýsir leikmaðurinn yfir því að félagið hafi verið leyst frá honum, sbr. þó D 3.

- félag leikmannsins yfir að leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið. Ef samningur er enn í gildi milli leikmanns og félags lýsir félagið yfir því að leikmaðurinn hafi verið leystur frá honum, sbr. þó D 3. Jafnframt lýsir félagið yfir því að gengið hafi verið frá greiðslu félagaskiptagjalds, sem krafa hefur myndast um við sjálf félagaskiptin.

- nýja félag leikmannsins yfir að það samþykki inngöngu leikmanns í félagið og lofar jafnframt að standa fyrra félagi hans og/eða þeim öðrum félögum sem kröfu eiga á félagaskiptagjaldi skil á því innan eins mánaðar frá því að slík krafa myndast, enda hafi ekki verið um annað samið milli félaganna.

6. Þegar komið er með tilkynningu um félagaskipti á skrifstofu KSÍ verður keppnisleyfi gefið út samstundis ef öllum formsatriðum sem lýst er hér að framan er fullnægt og skrásetningargjald er greitt. Ef tilkynning um félagaskipti er send á faxi skal fylgja með henni afrit af greiðslukvittun banka á skrásetningargjaldinu. Einnig skal fylgja með tilkynningunni faxnúmer sem keppnisleyfið verður sent á. Ef öllum formsatriðum er ekki fullnægt á símsendri tilkynningu verður hún ekki afgreidd og ekkert keppnisleyfi gefið út. Móttökudagur verður skráður þegar öllum formsatriðum hefur verið fullnægt, þó má greiðsla vegna símsendrar tilkynningar berast næsta dag.
7. Skrifstofa KSÍ hefur heimild til að seinka útgáfu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskiptanna hafi verið sá að viðkomandi leikmaður komist hjá því að taka út leikbann, sem hann hefur áður verið dæmdur í.
8. Leikmaður fær keppnisleyfi þegar skrifstofa KSÍ hefur mótttekið fullfrágengna tilkynningu um félagaskiptin og skal leikmaðurinn fá keppnisleyfi með nýja félaginu frá og með næsta degi eftir móttöku. Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin borist til skrifstofu KSÍ daginn áður eða á faxi fyrir miðnætti daginn áður, en þó verða tilkynningar sem berast um helgar og á frídögum að öllu jöfnu afgreiddar næsta virka dag og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi.
9. Leikmaður getur ekki dregið félagaskiptin til baka eftir að hann er orðinn hlutgengur með nýja félaginu, eða eftir að hann hefur skrifað undir samning við nýja félagið.
10. Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki undirrita félagaskipti hans, þrátt fyrir að hann hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er stjórn KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilaunum milli félaganna. Í því tilfelli að um ósamningsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins gert kröfu um skil á félags og æfingagjöldum og aðeins ef það hefur verið innheimt af öðrum í sama flokki.

## **B. TÍMABUNDIN FÉLAGASKIPTI**

1. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á samningi samkvæmt reglum KSÍ. Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á eyðublað útgefið af skrifstofu KSÍ (Tilkynning um tímabundin félagaskipti) og undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum. Á tilkynningunni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ. e. hvaða dag leikmaðurinn skal snúa til samningsfélags síns. Leikmaðurinn skal fá keppnisleyfi með nýja félaginu degi eftir að tilkynningin hefur verið móttokin og skráningargjald greitt. Leikmaðurinn fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskipta eða næsta virka dag þar á eftir. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og skal telja frá þeim degi sem keppnisleyfi er gefið út. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með

lokadagsetingu frá og með 1. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Heimilt skal að stytta tímabundin félagaskipti sem skráð hefur verið en þó skal lágmarkstími ævinlega vera 1 mánuður. Í slíku tilfelli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.

2. Félög sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns skulu gera um það skriflegan samning sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum og leikmanni. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efndum á leikmannssamningi hans. Brot á ákvæðum þessum skal fara með skv. kafla H í reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna.

### C. ERLENDIR LEIKMENN

1. Gerist erlendur ríkisborgari leikmaður með íslensku liði telst hann hlutgengur hafi hann verið búsettur hér á landi í einn dag, sbr. þó grein A 4 hér að framan. Þó geta ekki fleiri en þrír leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska Efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið hlutgengir með 1. aldursflokki sama félags hverju sinni, samanber leikskýrslur í landsmótum. Óski félag eftir að afturkalla hlutgengi erlends leikmanns skal það gert með skriflegri tilkynningu til skrifstofu KSÍ, sem tekur gildi einni viku eftir að hún berst þangað.
2. Um félagaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar.

### D. SÉRÁKVÆÐI FYRIR LEIKMENN SEM ERU EÐA HAFI VERIÐ SAMNINGSBUNDNIR

Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta eftirfarandi ákvæðum. Sömu ákvæði gilda um leikmannssamninga og sambandsamninga, sbr. reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna.

1. Félagaskiptum leikmanna, sem verið hafa á samningi, til, frá eða milli samningsfélaga / sambandsfélaga fylgja greiðslur milli félaga. Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum.
2. Grunngjaldið A er 70.000 kr. Allar greiðslur milli félaga vegna félagaskipta reiknast sem margfeldi af grunngjaldi samkvæmt eftirfarandi reglum. Félagaskiptagjald getur aldrei orðið hærra en tífalt grunngjald eins og fram kemur í grein 4 og 7, sbr. þó grein 10. Grunngjaldið skal endurskoðað reglulega af stjórn KSÍ og skal hún taka mið af verðlagsbreytingum. Nýja grunngjaldið skal taka gildi frá næstu áramótum.
3. Ef leikmaður, sem hefur ekki verið samningsbundinn undanfarin 3 ár og hefur leikið fyrir annað félag (önnur félög) einhvern hluta af þeim tíma, gerir samning við félag, þá skal það greiða gjald til hinna félaganna, og skal heildarupphæðin nema grunngjaldinu. Gjaldið reiknast þannig að félag á rétt á þriðjung af grunngjaldi fyrir hvert keppnistímabil af þessum þremur sem leikmaðurinn var hjá því. Ef um skemmri tíma er að ræða reiknast upphæðin út frá lengd tímans í hlutfalli við lengd keppnistímabilsins, sem hér telst standa frá 1. mars til 15. október.
4. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, gerir samning við nýtt félag skal það greiða fyrra félaginu, sem hann var samningsbundinn við, gjald fyrir. Gjaldið skal vera grunngjaldið A, samkvæmt grein 2, margfaldað með afreksstuðlinum B, samkvæmt grein 7, 8 og 9; sbr. þó grein 10.
5. Leikmaður, sem hefur verið á samningi, getur ekki í eitt ár eftir að samningur hans rennur út, skipt um félag og leikið án samnings í Símadeild eða 1. deild karla, né í sömu deild eða efri deild en hann lék í áður og ekki með neinu félagi, sem er með samningsleikmenn/sambandsleikmenn, nema áður sé greitt gjald samkvæmt 4. grein til félagsins sem hann gerði

síðast samning við. Ef félag, sem er ekki með samningsbundna leikmenn, greiðir gjald vegna félagaskipta leikmanns samkvæmt þessu ákvæði, skal það njóta sama réttar varðandi leikmanninn ef hann skiptir aftur um félag.

6. Geri leikmaður, sem verið hefur samningsbundinn a.m.k. eitt af síðustu þremur keppnistímabilum, samning við annað félag skal það greiða því félagi, sem hann var síðast samningsbundinn við gjald samkvæmt 4. grein.

7. Afreksstuðullinn B er í 5 þrepum. Fyrir íslenska ríkisborgara (í a.m.k. 4 ár) skilgreinist hann á eftirfarandi hátt fyrir karla:

Stuðullinn er 10 fyrir leikmann sem er

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;

eða

a.m.k. 20 A-landsleiki.

25 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;

eða

a.m.k. 15 A-landsleiki.

22 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;

eða

a.m.k. 10 A-landsleiki alls.

Stuðullinn er 7 fyrir leikmann sem nær ekki 10 en er

30 ára og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;

eða

a.m.k. 20 A-landsleiki.

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;

eða

a.m.k. 12 A-landsleiki.

25 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;

eða

a.m.k. 8 A-landsleiki.

22 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;

eða

a.m.k. 4 A-landsleiki;

eða

hefur leikið a.m.k. helming af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár.

Stuðullinn er 5 fyrir leikmann sem nær ekki 7 en er

31 árs og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;

eða

a.m.k. 20 A-landsleiki.

30 ára og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;

eða

a.m.k. 12 A-landsleiki.

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og a.m.k. 75 leiki í

- Símadeild;  
eða  
a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 75 leiki í Símadeild.
- 25 ára eða yngri og hefur leikið  
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;  
eða  
a.m.k. 3 af A-landsleikjum Íslands;  
eða  
a.m.k. 5 af U21-landsleikjum Íslands og a.m.k. 40 leiki í Símadeild.
- 22 ára eða yngri og hefur leikið  
a.m.k. fjórðung af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;  
eða  
1 af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár og a.m.k. 25 leiki í Símadeild.
- Stuðullinn er 3 fyrir leikmann sem nær ekki 5 en er
- 32 ára og hefur leikið  
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;  
eða  
a.m.k. 20 A-landsleiki.
- 31 árs og hefur leikið  
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;  
eða  
a.m.k. 12 A-landsleiki.
- 30 ára og hefur leikið  
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og 100 leiki í Símadeild;  
eða  
a.m.k. 4 A-landsleikis og a.m.k. 100 leiki í Símadeild.
- 29 ára eða yngri og hefur leikið  
a.m.k. 100 leiki í Símadeild;  
eða  
a.m.k. 50 leiki í Símadeildinni, og 75 leiki í Símadeild eða 1. deild.
- 25 ára eða yngri og hefur leikið  
a.m.k. 50 leiki í Símadeild;  
eða  
a.m.k. 25 leiki í Símadeild og 50 leiki í Símadeild eða 1. deild.
- 22 ára eða yngri og hefur leikið  
a.m.k. 1 af A-landsleikjum eða U21-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;  
eða  
a.m.k. 25 leiki í Símadeild, og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;  
eða  
a.m.k. 50 leiki í Símadeild eða 1. deild og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.
- 19 ára eða yngri og hefur leikið  
a.m.k. 10 leiki í Símadeild og a.m.k. 10 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;  
eða  
a.m.k. 25 leiki í Símadeild eða 1. deild og a.m.k. 10 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.
- Stuðullinn er 1 fyrir leikmann sem nær ekki 3.  
Stuðullinn er 1 fyrir allar konur.

Með leikjum í Símadeild teljast leikir í 1. deild fyrir 1995, leikir í aðalkeppni bikarkeppninnar og leikir í Evrópukeppnum félagsliða.

Með leikjum í 1. deild teljast allir leikir í 2. deild fyrir 1997.

Stuðullinn uppreiknast eftir lok keppnistímabils og miðast aldur þá við næstkomandi áramót. Stuðullinn telst síðan óbreyttur til loka næsta keppnistímabils.

8. Félagi er heimilt að áfrýja flokkun leikmanns samkvæmt 7. grein til Samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Skal þeirri áfrýjun fylgja rökstudd greinargerð.
9. Gildi afreksstuðulsins B fyrir leikmann, sem er ekki íslenskur ríkisborgari eða varð það fyrir innan við 4 árum síðan, skal ákvarðað af Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. Nefndin skal meta knattspyrnulega getu leikmannsins miðað við íslenska leikmenn með hliðsjón af grein 7.
10. Ef ágreiningur er um félagaskiptagjald innanlands fyrir leikmann, sem áður kom frá erlendu félagi og sannanlega var þá greitt fyrir a.m.k. tvöfalt hæsta félagaskiptagjald innanlands sbr. grein 4 og 7, skal það ákvarðað af Samninga- og félagaskiptanefnd. Nefndin skal taka mið af greiðslu til erlenda félagsins og styrkleika leikmanns, en leggja jafnframt til grundvallar þau sjónarmið sem koma fram í grein 7 og þær meginreglur sem gilda í félagaskiptum milli landa og upprunalega félagaskiptagjaldið byggði á. Félagaskiptagjald ákvarðað þannig getur aldrei orðið hærra en greiðslan til erlenda félagsins var.
11. Leikmanni, sem hefur átt við meiriháttar meiðsli eða veikindi að stríða svo að hann hefur ekki getað leikið knattspyrnu í langan tíma, og telur með hliðsjón af því að afreksstuðull sinn sé metinn of hár og hindri fyrirhuguð félagaskipti sín, skal heimilt að áfrýja niðurstöðunni til lækunar til Samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ, sem metur hvort sanngjarnt sé að lækka stuðulinn.
12. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum áður en félagaskipti taka gildi. Ef slík krafa myndast ekki fyrr en síðar, skal viðkomandi félag standa skil á félagaskiptagjöldum innan eins mánaðar frá því að krafan myndast. Skal miðað við dagsetningu undirritunar samnings. Félagi, sem verður uppvíst að því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan átti að gjaldfalla og KSÍ sömu upphæð í sekt.
13. Með undirritun félagaskipta samningsbundins leikmanns, sem deilur rísa út af, gengst félag undir að hlíta þeim úrskurði sem kveðinn er upp samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og reglugerðar KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna.

## FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA MILLI LANDA

### E. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Ef leikmaður hyggst leika með erlendu liði og samkomulag er um félagaskiptin við félag hans, skal það senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskiptin á þar til gerðu eyðublaði. Í slíku tilfelli berst KSÍ beiðni frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins um að KSÍ gefi út alþjóðlegt flutningsskírteini leikmanninum til handa. Til þess að félagaskipti geti átt sér stað gerir KSÍ kröfu um að til skrifstofu KSÍ berist félagaskiptaeyðublað, a.m.k. útfyllt með dagsetningu, nafni leikmannsins, kennitölu hans, nafni íslenska félagsins og undirritun framkvæmdastjóra þess, stjórnarmanns eða þess sem félagið veitir slíkt umboð (ekki er krafist undirritunar leikmanns né erlenda félagsins).
2. Leikmanni er ekki heimilt að taka þátt í keppni erlendis fyrr en KSÍ hefur gefið út flutningsskírteini fyrir hann í samræmi við reglur FIFA. Leikmanni er ekki heimilt að leika hér heima að nýju fyrr en KSÍ hefur borist flutningsskírteini og gefið út skriflegt keppnisleyfi honum til handa. Flutningsskírteini skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum í samræmi við reglur FIFA. KSÍ er þó heimilt að taka skeyti gild sem bráðabirgða flutningsskírteini uns formlega rétt flutningsskírteini, *skv. reglum FIFA*, berast KSÍ.

Ef leikmaður hefur leikið sem áhugamaður eða atvinnumaður með erlendu liði, skal líða einn dagur frá því að skrifstofa KSÍ móttækur beiðni leikmanns um félagaskipti og flutningsskírteini hefur borist uns KSÍ, að öðrum skilyrðum uppfylltum, er heimilt að gefa út keppnisleyfi honum til handa.

Frá og með 1. ágúst til og með 15. október eru félagaskipti til landsins ekki heimil en berist flutningsskírteini á þessu tímabili skal KSÍ gefa út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmann, að öðrum skilyrðum uppfylltum, frá og með 16. október.

Við félagaskipti úr erlendu félagsliði í íslenskt félagslið gerir KSÍ kröfu um að skrifstofu KSÍ berist félagaskiptaeyðublað, útfyllt með dagsetningu, nafni leikmanns, kennitölu (fæðingardegi) hans, undirritun leikmanns, nafni erlenda félagsins og / eða landi, nafni íslenska félagsins og undirritun framkvæmdastjóra þess, stjórnarmanns eða þess sem félagið veitir slíkt umboð. Þá skal íslenska félagið greiða skrásetningargjald. Í kjölfar þess óskar KSÍ eftir alþjóðlegu flutningsskírteini frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins.

3. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns skv. *reglum FIFA*. Með því að senda afrit af samkomulagi um tímabundin félagaskipti til skrifstofu KSÍ getur félag farið fram á að leikmannssamningur þess við leikmanninn sé ekki felldur úr gildi. Ef samkomulagið stendur undir slíku, að mati KSÍ, skal samningurinn halda gildi sínu.
4. Leikmaður, sem hyggst gerast atvinnumaður í knattspyrnu með erlendu félagi, skal tilkynna þá ákvörðun strax til félags síns. *Með slík félagaskipti skal farið samkvæmt reglum FIFA um félagaskipti milli landa.*
5. *Ef leikmaður gerist atvinnumaður í knattspyrnu erlendis, fá þau félög, sem hann hefur leikið fyrir á undangengnum árum, bætur skv. reglum FIFA (samstöðubætur/uppeldisbætur)..*

## F. SÉRÁKVÆÐI FYRIR LEIKMENN SEM ERU SAMNINGSLEIKMENN

Ef leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, hyggst ganga til samninga um að leika með erlendu félagi skulu þeir samningar fara fram í samráði við félagið. Samningaviðræður vegna félagaskipta til erlendra félaga skulu taka mið af eftirfarandi vinnureglum.

1. Leikmaður semur sjálfur um eigin launagreiðslur.
2. Stjórn félagsins semur um félagaskiptagjald við erlenda félagið, þegar það á við.
3. Leikmaður getur samið sérstaklega við stjórn félagsins um hlutdeild í félagaskiptagjaldinu. Sú hlutdeild getur þó ekki orðið hærri en 10% af félagaskiptagjaldinu. KSÍ er í sérstökum tilvikum heimilt að leyfa hærri hlutdeild leikmanns, að undangenginni umsókn um slíkt frá félagi.
4. *Uppeldisbætur eða samstöðubætur sem koma til við félagaskipti leikmanns til erlends félags skulu greiddast til uppeldsfélaga samkvæmt reglum FIFA.*
5. Hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög eitthvert af síðustu þremur heilu keppnistímabilum á Íslandi og telst keppnistímabilið standa frá 1. mars til 15. október, skal það/pau eiga hlutdeild í félagaskiptagjaldinu (*bætur vegna samningsrofs*). Skipting á hluta félags skal vera þannig að félagið, sem leikmaðurinn er samningsbundinn við, skal fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna félagaskipta innanlands, og fjórðung fjárhæðarinnar sem þá stendur eftir. Afgangurinn skal skiptast milli þeirra félaga sem leikmaður lék með undangengin þrjú ár í réttu hlutfalli við dvöl hans hjá hverju þeirra innan tímamarka keppnistímabils, sbr. *ofan*. Félagaskiptin skulu miðast við dagsetningu alþjóðlegs flutningsskírteinis. Þau félög sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við félagaskiptin geta krafist nauðsynlegra gagna. Um skiptingu félagaskiptagjalds vegna tímabundinna félagaskipta, skv. gr. E3 gilda sömu reglur og um varanleg félagaskipti. Sé hins vegar hluti félagaskiptagjaldsins ætlaður til þess að greiða laun leikmannsins erlendis á meðan á hinum tímabundnu félagaskiptum stendur er heimilt að draga þann hluta gjaldsins frá áður en að gjaldinu er skipt enda leiði sú launagreiðsla ekki til þess að greiðslur lækki til leikmannsins skv. samningi hans við íslenska félagið. Ef ágreiningur verður um skiptinguna skal félagi skylt að leggja



leigusamning og önnur nauðsynleg fylgiskjöl fyrir Samninga- og félagaskiptanefnd, sem skipar trúnaðarmann til að yfirfara þau.

6. Ef leikmaður telur að stjórn félagsins sýni óbilgirni í samningum og hindri með því möguleg félagaskipti til erlends félags getur hann áfrýjað til stjórnar KSÍ sem skipar oddamann til að miðla málum.
7. Gangi leikmaður, sem var samningsbundinn félagi á Íslandi og gekk til liðs við erlent félag án þess að félagaskiptagjald væri greitt, til liðs við annað félag á Íslandi innan árs eftir að samningi hans við íslenska félagið lauk, skal nýja félagið greiða félagaskiptagjald samkvæmt kafla D til þess félags sem hann var samningsbundinn við áður, nema það hafi greitt sambærilegt félagaskiptagjald til erlenda félagsins.

## **SKRÁNING IÐKENDA OG SKRÁSETNINGARGJALD**

### **F. SKRÁNING IÐKENDA OG SKRÁSETNINGARGJALD**

1. *Félög innan vébanda KSÍ skulu skrá iðkendur sína í knattspyrnu í iðkendaskrá KSÍ frá og með því almanaksári sem þeir verða 9 ára.*
2. *Skrifstofa KSÍ skal halda skrá yfir alla knattspyrnuíðkendur í félögum innan vébanda KSÍ og félagaskipti þeirra.*
3. Þegar leikmaður skiptir um félag, hvort heldur það er á milli félaga innanlands eða á milli landa, skal skrásetningargjald fylgja tilkynningu um félagaskipti til skrifstofu KSÍ.
4. Gjaldið skal vera kr. 1500 fyrir leikmenn 1. og 2. aldursflokks, en kr 750 fyrir 3. flokk og breytast um hver áramót í samræmi við væntanlegar breytingar á aðgöngumiðaverði í Símadeild karla.

**Gerð er tillaga um að millipinganefnd um þessi mál starfi áfram:**

#### **Tillaga um millipinganefnd**

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganefnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er á að gera á þessum reglugerðum og nú standa út undan vegna nýrra reglugerða FIFA til stjórnar KSÍ fyrir lok næsta keppnistímabils, og jafnframt á næsta ársþingi KSÍ.

#### **Millipinganefndin**

Tillögunum var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 13 yrði samþykkt.

**Tillagan á þingskjali 13 var samþykkt samhljóða.**

---

#### **Þingskjal 14**

- Framsógu hafði Ásmundur Friðriksson.

**Tillaga til ályktunar  
- Jöfnunarsjóður í deildarbikar -**

Ársþing KSÍ samþykkir að í deildarbikarkeppni KSÍ verði jöfnunarsjóður. Félög sem taka þátt í keppninni skulu greiða í sjóðinn ákveðna fjárhæð til þess að jafna ferðakostnað félaga. Sjóðurinn skal gerður upp á sléttu í lok hvernar keppni þannig að allur ferðakostnaður sé greiddur og öll félög sem tóku þátt hafi lagt það sama af mörkum.

### ÍBV

- Halldór B Jónsson tók til máls og benti á að núverandi reglugerð um deildarbikar gildi aðeins fyrir árið 2002. Stjórn KSÍ og mótanefnd munu á þessu ári vinna að framtíðarskipulagi deildarbikars með breyttu sniði þegar fótboltahúsin verði orðið fjögur.

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Hörður Helgason.

Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað til mótanefndar.

**Samþykkt var að vísa tillögunni á þingskjali 14 til mótanefndar.**

---

### Þingskjal 15

- Framsögu hafði Jónas Sigurðsson.

#### **Tillaga til ályktunar - Aldursskipting í 2. flokki karla -**

Ársþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ skipi nefnd til þess að kanna möguleika á breyttri aldursskiptingu í 2. flokki karla, þ. e. styttingu í tvö ár og að búa til nýjan flokk varaliða fyrir þá sem gengnir eru upp úr 2. flokki, en leika að jafnaði ekki með aðalliði síns félags.

#### **Greinargerð:**

KRR vill kanna möguleika á að breyta núverandi 2. flokk karla úr 3ja í 2ja ára flokk, sem hlítir sömu reglum og 3. flokkur, þ.e. unglingsflokkur.

Til þess að þetta gangi upp, þarf að stofna flokk leikmanna sem gengnir eru upp úr 2. flokki. Það er flokkur varaliða eða t.d. U23.

Það sem mælir með þessari breytingu er að fjöldi leikmanna hefur vaxið í 2. flokki hjá stærstu félögunum, sem verður til þess að yngstu leikmennirnir í 2. flokki fá ekki verkefni við sitt hæfi.

Með þessari breytingu er von til þess að brottfall minnki á yngsta ári 2. flokks.

Þessi breyting er einnig í samræmi við samfélagsbreytingar, þar sem foreldrum ber að annast unglunga til 18 ára aldurs.

Nefndin, sem kannar þetta mál, þarf að vera skipuð þannig að sjónarmið stórra, sem lítilla félaga komi fram. Áliti nefndarinnar skal skila til mótanefndar KSÍ fyrir 1. september 2002, þannig að mótanefnd geti tekið tillit til álits nefndarinnar við niðurröðun í flokka fyrir sumarið 2003.

### KRR

- Vignir Þormóðsson tók til máls og var á móti breytingu á aldursskiptingu í 2. fl. karla.

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

- Sigurjón Magnússon tók til máls og var á móti niðurstöðu nefndarinnar.
- Halldór B Jónsson tók til máls, ræddi um brottfall og varaði við fljótfærnislegum ályktunum.
- Björn Friðþjófsson tók til máls og gaf skýringar.

**Tillagan á þingskjali 15 var samþykkt samhljóða.**

---

## Þingskjal 16

- Framsógu hafði Hannes Hauksson.

### **Tillaga til ályktunar - Íslandsmót fyrir 40 ára og eldri -**

Árþing KSÍ 2002 samþykkir að á keppnistímabilinu 2002 verði keppt í Íslandsmóti í flokki 40 ára og eldri. Keppt verði í 7 manna liðum skv. reglugerð KSÍ um miniknattspyrnu.

#### **Greinargerð:**

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað á undanförunum árum að leikmenn eru að spila mun lengur með liðum sínum en áður þekktist. Gott dæmi um það er hin mikla fjölgun á Pollamóti Þórs í flokki 40 ára og eldri. Það er því rökrétt þróun að KSÍ komi á Íslandsmóti fyrir þennan aldursflokk enda er það í samræmi við stefnu KSÍ að sem flestir stundi knattspyrnu. Þetta er einnig til samræmis við þróun víða erlendis t.d. í Þýskalandi en þar er spilað í flokki 40 ára og eldri og 50 ára í mótum á vegum þýska knattspyrnusambandsins.

### **Breiðablik og KR**

Tillögunni var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

**Tillagan á þingskjali 16 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.**

---

**Önnur mál**

Geir Þorsteinsson tók til máls og kynnti breytingar á reglugerðum sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, 17. janúar 2002.

Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til Fylkis í Símadeild karla og til Þórs í 1. deild karla.

Eggert Magnússon afhenti KS kvennabikarinn.

Eggert Magnússon afhenti Jóni K. Sigurðssyni knattspyrnupenna ársins.

**Kosningar**

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

**Kosning formanns til tveggja ára:**

Nefndin gerði tillögu um Eggert Magnússon sem formann til tveggja ára og var hann sjálfkjörinn.

**Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:**

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda fimm aðila í fjögur sæti í aðalstjórn til tveggja ára og fóru því fram kosningar:

Jón Gunnlaugsson, ÍA	95 atkvæði
Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK	94 atkvæði
Lúðvík S. Georgsson, ÍBR	92 atkvæði
Ástráður Gunnarsson, ÍRB	70 atkvæði
Jóhannes Ólafsson, ÍBV	49 atkvæði

Jón Gunnlaugsson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Lúðvík S. Georgsson og Ástráður Gunnarsson voru því réttkjörin í aðalstjórn til tveggja ára.

**Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:**

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem aðalfulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Vesturland	Jakob Skúlason	UMSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson	UMSS
Austurland	Guðmundur Ingvason	UÍA
Suðurland	Jóhann Ólafsson	ÍBV

**Kosning til varastjórnar til eins árs:**

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda í varastjórn til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Einar Friðþjófsson	ÍBV
Jóhannes Ólafsson	ÍBV
Þórarinn Gunnarsson	ÍBR

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs:**

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem varafulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Vesturland	Elías Jónatansson	HSB
Norðurland	Aðalsteinn Sigurgeirsson	ÍBA
Austurland	Valgeir Kjartansson	UÍA
Suðurland	Páll Leó Jónsson	HSK

**Kosning fulltrúa á íþróttaping KSÍ:**

Nefndin lagði til að skipun fulltrúa á íþróttaping yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna KSÍ:**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ:**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Gestur Jónsson Lúðvík Örn Steinarsson Guðmundur Þórðarson Helgi V. Jónsson Jens Sumarliðason

**Kosning í dómstól KSÍ:**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í dómstól KSÍ og voru þeir sjálfkjörnir.

Ásbjörn Jónsson  
Gunnar Guðmundsson  
Halldór Frímannsson  
Halldór Halldórsson  
Hilmar Gunnlaugsson

**Millipinganefndir:**

Nefndin lagði til að vísa skipun í nefndirnar til stjórnar KSÍ og var það samþykkt.

**Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir.**

Viðar Halldórsson, formaður  
Árni Óðinsson  
Páll Bragason

---

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.****Þingslit (10. febrúar kl. 12:30):**

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Eggerti Magnússyni, nýkjörnum formanni KSÍ, að slíta þingi.

Eggert Magnússon formaður KSÍ þakkaði það traust sem honum var sýnt og taldi að það væru forréttindi að fá að starfa að knattspyrnumálum. Eggert bauð Ingibjörgu Hinriksdóttur velkomna í stjórn og þakkaði fráfarandi stjórnarmanni, Önnu Vigni, fyrir frábær störf í þágu knattspyrnunnar. Eggert þakkaði starfsmönnum þingsins og starfsfólki KSÍ góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar. Að svo loknu sleit Eggert Magnússon, formaður KSÍ, 56. ársþingi sambandsins.

Sveinn Jónsson  
1. þingforseti

Ingvi Guðmundsson  
1. þingritari

Steinn Halldórsson  
2. þingforseti

Klara Bjartmarz  
2. þingritari